
HAUSTÞING SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HALDIÐ Á BIFRÖST

20. - 21. SEPTEMBER 2018



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



Efnisyfirlit

Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2018	2
Dagskrá á haustþingi SSV 2018.....	4
Þingsetning – Rakel Óskarsdóttir, formaður SSV.....	6
Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV	6
Erindi	7
➤ Kynning á Sorpurðun Vesturlands – Hrefna B. Jónsdóttir SSV.....	7
➤ Kynning á íbúakönnun SSV – Vífill Karlsson SSV.....	7
➤ Kynning á Áfangastaðaáætlun Vesturlands – Margrét Björk Björnsdóttir SSV	7
Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa	8
Ávörp Gesta	9
➤ Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra	9
➤ Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis.....	9
➤ Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri Sambands íslenskra sveitafélaga	10
Kynning á starfsemi Háskólans á Bifröst – Vilhjálmur Egilsson, rektor	10
➤ Kynning á vinnu við Verlferðarstefnu Vesturlands – Rakel Óskarsdóttir	10
Pallborðsumræður um velferðarmál - Þátttakendur í pallborði:.....	11
Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum	11
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV	11
➤ Samgöngumál	11
➤ Atvinnu- og umhverfismál	12
➤ Opinber þjónusta	13
➤ Fjárhags- og starfsáætlun og ályktanir bornar upp til atkvæða.....	13
Kosning stjórnar SSV og Heilbrigðisnefndar Vesturlands.....	14
Þingslit.....	15
Fylgiskjöl:.....	16
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV - samþykkt	16
➤ Samgöngumál – samþykkt ályktun	29
➤ Atvinnu- og umhverfismál – samþykkt ályktun	31
➤ Opinber þjónusta – samþykkt ályktun.....	33



Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2018

AKRANESKAUPSTAÐUR

- Elsa Lára Arnardóttir, bæjarfulltrúi
- Liv Aase Skarstad, bæjarfulltrúi
- Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi
- Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi
- Ólafur G. Adolfsson, bæjarfulltrúi
- Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri
- Raket Óskarsdóttir, formaður SSV
- Valgarður Lyngdal Jónsson, stjórn SSV

BORGARBYGGÐ

- Lilja Björg Ágústsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
- Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
- Davíð Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi
- María Júlía Jónsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
- Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri
- Guðveig Eyglóardóttir, stjórn SSV

DALABYGGÐ

- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, oddviti
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, sveitarstjórnarfulltrúi
- Kristján Sturluson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

- Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

- Jósef Ó. Kjartansson, bæjarfulltrúi
- Unnur Þóra Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi
- Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

- Sif Matthíasdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi

HVALFJARÐARSVEIT

- Björgvin Helgason, sveitarstjórnarfulltrúi
- Guðjón Jónasson, sveitarstjórnarfulltrúi

SKORRADALSHREPPUR

- Árni Hjörleifsson, oddviti
-

**SNÆFELLSBÆR**

- Björn Hilmarsson, bæjarfulltrúi
- Auður Kjartansdóttir, bæjarfulltrúi
- Michael Gluszek, bæjarfulltrúi
- Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
- Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi
- Haukur Garðarsson, bæjarfulltrúi
- Lárus Á. Hannesson, bæjarfulltrúi
- Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

- Elísabet Haraldsdóttir
- Hrefna Bryndís Jónsdóttir
- Ólafur Sveinsson
- Margrét Björk Björnsdóttir
- Páll Brynjarsson
- Rósa Gréta Ívarsdóttir
- Svala Svavarsdóttir
- Sædís Björk Þórðardóttir
- Vífill Karlsson

GESTIR

- Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismála ráðherra
- Haraldur Benediktsson, þingmaður
- Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra.
- Valur Rafn Halldórsson, sviðstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Bjarki Þorsteinsson varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.
- Jóhanna Fjola Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands
- Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks
- Sigrún Lilja Einarsdóttir, forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Bifröst
- Guðjón Brjánsson, alþingismaður



Dagskrá á haustþingi SSV 2018

Fimmtudagur 20. september

- Kl.12.00 Hádegisverður
- Kl.13.00 Þingsetning, Rakel Óskarsdóttir formaður SSV
Skipan þingforseta, ritara, kjörnefndar og kjörbréfanefndar
- Kl.13.15 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2019 lagðar fram og kynntar; Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV
Kynning á Sorpurðun Vesturlands; Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri
Kynning á Íbúakönnun SSV; Vífill Karlsson, atvinnuráðgjafi
Kynning á Áfangastaðaáætlun Vesturlands; Margrét Björk atvinnuráðgjafi og verkefnisstjóri
- Kl.14.30 Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa
Á þinginu starfa eftirtaldir vinnuhópar:
Fjármál og starfsáætlun SSV
Samgöngumál
Opinber þjónusta
Atvinnu- og umhverfismál
- Kl.15.30 Kaffi
- Kl.16.00 Ávörp gesta
Sigurður Ingi Jóhannsson, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur-kjördæmis
Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Kl.17.30 Gönguferð um Bifrastarsvæðið og kynning á starfsemi Háskólans á Bifröst undir leiðsögn Vilhjálms Egilssonar rektors
- Kl.20.00 Kvöldverður á Hótel Bifröst

**Föstudagur 21 september**

Kl.09.00 Velferðarmál á Vesturlandi

Kynning á vinnu við Velferðarstefnu Vesturlands, Rakel Óskarsdóttir formaður vinnuhópsins

Pallborðsumræður, í pallborði verða; Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra, Jóhanna Fjóra Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks, Bjarki Þorsteinsson framkvæmdastjóri Brákarhlíðar og varaformaður Samtaka fyrirtækja í öldrunarþjónustu og Rakel Óskarsdóttir formaður SSV.

Stjórnandi pallborðs Sigrún Lilja Einarsdóttir forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Bifröst.

Kl.11.30 Kosning stjórnar SSV og Heilbrigðisnefndar Vesturlands. Afgreiðsla áætlana og ályktanna.

Kl.12.30 Hádegisverður

Þingsetning – Rakel Óskarsdóttir, formaður SSV

Rakel Óskarsdóttir formaður SSV setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Rakel fór stuttlega yfir starf SSV. Sagði frá þeirri stefnubreytingu sem var tekin um að samtökin einbeittu sér að stóru verkefnum sem eru öllum sveitarfélögum mikilvæg svo sem samgöngumál, menntamál og atvinnumál. Rakel sagði frá að ný samgönguáætlun hafi verið samþykkt fyrir Vesturland fyrir tveimur árum og að vel hefur verið haldið á málum með eftirfylgni þ.e. fundum og samtölum við ráðherra ásamt bókunum, samtakamáttur skilar sér vonandi í auknum fjármunum. Rakel talaði einnig um Velferðaráætlun Vesturlands en vinna er í gangi og starfshópur hefur skilað fyrstu drögum. Einnig er Deloitte að vinna skýrslu um áhrif veiðigjalda í landshlutanum og verður hún kynnt á næstu dögum. Formaður sagði að ákveðið hefði verið að hafa 2 daga þing vegna þess hve margir nýir fulltrúar sitja þingið og það gæfi tækifæri til að kynnast betur. Hún talaði einnig um að mjög gott samstarf hafi verið í stjórn SSV á undanförunum árum og að hún hafi verið samstíga og margar góðar hugmyndir komið fram. Rakel þakkaði Páli framkvæmdarstjóra og meðstjórnendum sínum fyrir mjög gott samstarf.

Rakel tilnefndi Valgarð Lyngdal Jónsson og Guðveigu Eyglóardóttur sem fundarstjóra. Rakel bað Valgarð og Guðveigu að taka við fundarstjórn. Valgarður tók við fundarstjórn og tilnefndi Svölu Svavarsdóttur sem ritara. Þá bað Valgarður kjörbréfanefnd að taka til starfa, en í henni voru þau Eggert Kjartansson, Árni Hjörleifsson og Fríða Sveinsdóttir. Þá tilkynnti hann hverjir sitja í kjörnefnd en það voru þau Kristinn Jónasson, Elsa Lára Arnardóttir og María Júlía Jónsdóttir. Þar næst gaf hann Páli S. Brynjarssyni framkvæmdastjóra SSV orðið og bað hann að kynna fjárhags- og starfsáætlun SSV.

Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV

Páll Brynjarsson kom í pontu og kynnti fjárhags- og starfsáætlun sem lág fyrir fundinum. Hann gerði grein fyrir þeim tekju- og rekstrarliðum sem eru í áætluninni. Fram kom að áætlun gerir ráð fyrir 1.184.786 kr. rekstrarafgangi. Í áætlun er gert ráð fyrir hækkun á framlagi sveitarfélaganna til SSV verði 3% á milli árunna 2018 og 2019. Þá fór hann yfir fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2019 sem er viðauki við fjárhagsáætlun SSV. Þá fór Páll yfir starfsáætlun, hlutverk og markmið SSV. Páll nefndi þau lög sem kveða á um starfsemi SSV sem eru sveitarstjórnarlög og lög um byggðáætlun og reifaði helstu markmið laga SSV eins og að vinna að hagsmunum, efla samstarf, kynna kosti og efla samkennd á svæðinu. Páll nefndi þau verkefni sem SSV vinnur samkvæmt samningum og samþykktum sem eru í fyrsta lagi samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun. Í öðru lagi samningur við Vegagerðina um almenningsamgöngur en um 150.000 farþega eru árlega að nýta sér leiðakerfi SSV. Páll sagði þetta verkefni van fjármagnað og að framundan séu viðræður við ríkið um framtíð samningsins. Samkvæmt útkomuspá 2018 verður tapið líklega um 15.mkr. á Vesturlandi en líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að ríkið muni veita landshlutasamtökunum styrk til að mæta þessu tapi að miklu leyti. Tapið á þessum rekstri er þó minnst á Vesturlandi af öllum landshlutum og telur hann að með auknum fjárveitingum sé hægt að halda þessu áfram og láta þetta ganga upp. Í þriðja lagi er það samþykkt um þjónustusvæði um málefni fatlaðra en þar gætu hlutirnir farið að breytast því að í nýjum lögum sem taka gildi 1. október nk. er ekki lengur bundið í lög að það séu 8.000 íbúar á hverju þjónustusvæði. SSV mun senda bréf til sveitarfélaganna til að óska eftir samstarfi við að endurskoða þessi mál. Í fjórða lagi er það samningur um Sóknaráætlun Vesturlands. Einnig nefndi Páll þjónustusamninginn við Sorpurðun Vesturlands en SSV sér um fjármálaumsýslu og framkvæmdastjórn. Þá er Vesturlandsstofa hlutafélag í 100% eigu SSV. Einnig fór Páll yfir stjórnskipan og starfsmannahald SSV.

Á meðan Páll undirbjó sýningu myndbands um vegamál bauð Valgarður, Eggerti Kjartanssyni að kynna niðurstöður kjörbréfanefndar. Eggert tilkynnti að fundurinn væri löglegur og að nefndin geri enga athugasemd.

Þar næst sýndi Páll myndband um vegamál sem framleitt var af N4.

Valgarður þakkaði Páli fyrir sína yfirferð.

Erindi

➤ [Kynning á Sorpurðun Vesturlands – Hrefna B. Jónsdóttir SSV](#)

Valgarður bauð næst Hrefnu velkomna í pontu.

Í erindi sínu fór Hrefna yfir starf Sorpurðunar Vesturlands sem er hlutafélag í eigu sveitarfélaganna á Vesturlandi. Hún fór yfir starfseminna að Fíflholtum sem er jörð í eigu félagsins en hún er ca. 1571 ha. Líftími svæðisins er áætlaður allt að 30 ár m.v. 10.þús. tonn í urðun á ári en það gera 24 ár héðan í frá. Starfsleyfið gildir til ársins 2028 og það er heimilt að urða allt að 15.þús. tonn af úrgangi á ári. Hrefna sýndi þróunina á magni frá 1999-2017 og hvernig hún breytist eftir því hvað er að gerast í þjóðarsálinni en urðað magn minnkar í kreppu og eykst í góðæri. Hrefna ræddi um hvort urðun væri framtíðin og vísaði í Landsáætlun 2013-2024 þar sem fram kemur að mengunarbótareglan verði lögð til grundvallar í allri stefnumótun og löggjöf um úrgangsmál. Hrefna fjallaði einnig um hauggas sem inniheldur aðallega metan sem er mjög öflug gróðurhúsalofttegund og markmiðin um minnkun á metangasi. Þá fór Hrefna yfir nýjar tilskipanir sem eru væntanlegar ásamt því að segja frá ýmsum verkefnum og rannsóknum sem Sorpurðun Vesturlands hefur tekið þátt í. Þá nefndi hún að Fíflholt sé með stærri urðunarstöðum á landinu sem eru í rekstri. Hrefna sagði einnig frá vettvangsferð til Noregs og nefndi að Ísland stæði höllum fæti í málaflöknum þegar kemur að fjármögnun hans.

Valgarður þakkaði Hrefnu fyrir sína yfirferð.

➤ [Kynning á íbúakönnun SSV – Vífill Karlsson SSV](#)

Valgarður bauð Vífill velkomin í pontu

Í erindi sínu fór Vífill yfir íbúakannanir sem hann hefur haft yfirumsjón með og hafa verið gerðar á 3ja ára fresti frá árinu 2004. Vífill fór yfir nýútkomna skýrslu um íbúakönnunina, en að þessu sinni náðust mun fleiri landssvæði með inn í verkefnið en áður en öllum landshlutum var boðið að vera með nema höfuðborgarsvæðinu. Á næsta ári standa vonir til að allir verði með. Þessar íbúakannanir greina almenna velferð íbúa, ánægju íbúa, framtíðaráform íbúa, vinnumarkaðinn og búsetuskilyrði og eru góð greinartæki fyrir sveitarstjórnarmenn og fleiri og sýnir samanburð á milli svæða. Vífill kynnti sérstaklega nýjan framsetningarmáta og nýja spurningu sem er hamingjuspurningin. Könnunin er á Íslensku, ensku og pólsku og nefndi hann að hún þyrfti að vera á fleiri tungumálum. Hann sagði frá þremur greiningum í búsetuskilyrðum þar sem 40 þættir eru greindir en það eru stöðugreining, þemagreining og stöðu- og mikilvægis greining. Þá er samantekt fyrir hvern landshluta dregin saman í eina einkunn ásamt almennri umsögn fyrir hvern landshluta. Reynt er að finna út hvað það er sem skiptir mestu máli til þess að þú sért ánægður með búsetuna, sem sagt, hvað finnst íbúum mikilvægt. Vífill endaði á að benda þinggestum á efni á heimasíðu SSV.

Valgarður þakkaði Vífli fyrir sína yfirferð.

➤ [Kynning á Áfangastaðaáætlun Vesturlands – Margrét Björk Björnsdóttir SSV](#)

Valgarður bauð Margréti velkomna í pontu.

Í erindi sínu kynnti Margrét Áfangastaðaáætlun Vesturlands. Verið er að vinna verkefnið á landsvísu og gerði Ferðamálastofa samning við öll markaðsstofusvæðin um að vinna áfangastaðaáætlun hver fyrir sinn landshluta. Á Vesturlandi var verkefnið unnið á fjórum svæðum, haldnir voru vinnufundir með heimamönnum á öllum svæðum, gerðar stöðugreiningar og sett upp vefsíja. Markmiðið með gerð og innleiðingu áfangastaðaáætlunar er að gera úttekt og áætlun sem getur verið upplýsandi og leiðbeinandi við skipulagningu og uppbyggingu á innviðum og

Þjónusta á viðkomandi áfangastað eða svæði. Samkvæmt samstarfssamningnum eiga áfangastaðaáætlanir landshlutanna að liggja fyrir 1. október og verða þær kynntar á opnum fundi 11. október.

Margrét fór yfir áherslurnar á Vesturlandi sem er ábyrg þróun ferðamála þar sem tekið er tillit til þolmarka náttúru, innviða, heimamanna og gesta. Þá er tekið mið af væntingum og upplifun bæði samfélags, fyrirtækja og gesta ásamt því að áhersla sé lögð á uppbyggingu sem stuðlar að jákvæðri upplifun, arðsemi fyrirtækja og ábata samfélagsins. Þá skýrði hún frá sérstöðuna í verkefninu á Vesturlandi en áherslan var víkkuð út og ekki bara hugsuð út frá upplifun gesta sem er í grunn uppsetningunni og bætt við umhverfinu, samfélaginu, fyrirtækjunum og stjórnsýslunni.

Margrét fór yfir vinnuna að baki en haldnir voru 12 vinnufundir, 3 á hverju svæði og voru alls um 200 þátttakendur á Vesturlandi. Það kom sterkt fram að vilji er til að efla samkennd á svæðinu, auka samtal, skilning og sátt milli allra aðila. Á þessum fundum var unnin framtíðasýn ferðamála á Vesturlandi, sett upp 11 meginmarkmið og aðgerðaáætlun Áfangastaðaáætlunar Vesturlands (ÁSÁ-Vest) Einnig voru skilgreind í hverju sveitarfélagi framkvæmdaverkefni annars vegar og forverkefni hins vegar. Verkefni sem tilheyra fyrrnefndum hóp eru þau verkefni sem eru nú þegar í framkvæmd eða hægt að koma í framkvæmdafasa á tímabilinu en í síðari flokknum eru þau verkefni sem eru enn á hugmyndastigi eða þurfa frekari þróun og undirbúning. Aðgerðaráætlun var send til Ferðamálastofu og í kjölfarið var samið um framhaldsverkefni þar sem unnið verður að frekari úttekt og forgangsriðun framkvæmda hvað varðar uppbyggingu innviða á útivistarleiðum, áninga- og áfangastöðum á Vesturlandi. Auk þess sem efla á menningar- og söguferðaþjónustu og vinna að sérverkefni um uppbyggingu hæglatísferðaþjónustu með áherslu á sagnaarf og númeringu í Dalabyggð. Í lokin sagði Margrét að brýnt væri að áfram verði verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Vesturlands til að halda utan um framgang Áfangastaðaáætlunar og þau verkefni sem þar eru sett á dagskrá. Mjög mikilvægt væri að komið verði á virku samtali og samvinnu milli allra aðila sem vilja vinna að þessum verkefnum á öllum svæðum. Ráðamenn tala um að það eigi að koma meira fjármagn inn í þennan málaflokk. Til þess að fá fjármagnið þarf að vinna saman, vera dugleg og sækja um stuðning í uppbyggjandi verkefni og til að stuðla að ábyrgri þróun ferðamála á Vesturlandi.

Valgarður þakkaði Margréti fyrir sína yfirferð og lagði til að það yrði sleppt spurningum og fyrirspurnum vegna tafa á dagskrá en benti á að það er hægt að ræða við starfsmenn SSV beint og að fjárhagsáætlun fer í starfshóp til umræðu verður svo lögð fyrir þingið, ekki var gerð athugasemd við það.

Guðveig tók við fundarstjórn og byrjaði á að þakkað starfsmönnum SSV fyrir kynningar sínar.

Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa

Guðveig kynnti fyrirkomulag og vinnu nefnda og tilgreindi hvar hóparnir ættu að starfa og óskaði eftir því að þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir hverja nefnd leiði sínar nefndir til starfa og bauð öðrum fundarmönnum að setja sig í þann hóp sem þeir hefðu áhuga á að vinna í.

Eftirtaldir aðilar voru forsvarsmenn nefnda:

1. Fjárhags- og starfsáætlun SSV: Björg Ágústsdóttir, Björn Hilmarsson og Gunnlaugur Júlíusson
Starfsmenn SSV: Páll S. Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir
2. Atvinnu- og umhverfismál: Sævar Freyr Práinsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Björgvin Helgason
Starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson, Hrefna B. Jónsdóttir og Rósa Gréta Ívarsdóttir
3. Samgöngur og fjarskipti: Ólafur Adolfsson, Lilja Ágústsdóttir og Lárus Hannesson
Starfsmaður SSV: Vífill Karlsson
4. Opinber þjónusta: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Bára Daðadóttir og Jósef Kristjánsson
Starfsmenn SSV: Margrét Björk Björnsdóttir og Elísabet Haraldsdóttir

Pegar hópavinnu lauk tók við 30 mínútna kaffihlé.
Guðveig hóf dagskrá að nýju.

Ávörp Gesta

Undir dagskrárliðnum ávörp gesta fluttu þrjú gestir ávörp, en þetta voru þeir Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Haraldur Benediktsson fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

➤ Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Guðveig bauð Sigurð Inga Jóhannsson velkomin í pontu.

Sigurður Ingi þakkaði fyrir boðið og óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum til hamingju með kjörið í sveitarstjórn. Ráðherra lýsti yfir ánægju með hvað margir bjóða sig fram til ábyrgðar en sagði jafnframt frá því að rannsóknir sýna að 60% sveitarstjórnarmanna snúa ekki tilbaka eftir kjörtímabilið og það er áhyggjuefni hvað brottfall er mikið. Hann sagði samstarf sveitarfélaga mikilvægt og að það hafi aukist mikið. Landshlutasamtök gegna mikilvægu hlutverki og sinna margvíslegum verkefnum og hagsmunamálum á svæðinu. Hann ræddi um samstarfssamninga og mikilvægi þeirra og sagði um 22-24 samstarfsverkefni væru í gangi í hverju sveitarfélag að meðaltali.

Sigurður ræddi Byggðaáætlun og fór yfir markmið hennar og mælikvarða, en um er að ræða 54 aðgerðir sem á að fjármagna. Sigurður sagði að Samgönguáætlun yrði lögð fram í næstu viku og talaði um að enn sé verið að rétta úr kútnum eftir hrun en að mörg stór verkefni séu á dagskrá. Jafnframt talaði hann um verkefnið Ísland ljóstengt sem er metnaðarfullt verkefni og að það muni klárast innan þriggja ára en þá verða 99% heimila tengd við ljósleiðara en aðrar þjóðir eru ekki komnar svona langt. Að lokum sagði Sigurður að það væri honum mikils virði að eiga gott samtal við sveitarstjórnarfolk.

Margar spurningar komu úr sal, þá helst um samgöngu- og vegamál en einnig byggðastefnu og atvinnu á landsbyggðinni og sköpuðust út frá þeim miklar og góðar umræður.

Guðveig þakkaði Sigurði fyrir sitt innlegg.

➤ Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis

Guðveig bauð Harald Benediktsson velkomin í pontu.

Haraldur byrjaði á því að þakka fyrir boðið og sagði að það væri of langt síðan síðast og að líklega væri það vegna þess hvað kjörtímabilin eru stutt hjá alþingimönnum. Hann sagðist bera góðar kveðjur til þingsgesta frá samtarfsmönnum í kjördæminu og nefndi jafnframt að framundan væri Landsþing sveitarfélaga og að í kjördæmavikunni gæfist tækifæri til að ræða ýmis mál og koma með sínar áherslur. Haraldur fór um víðan völl í ávarpi sínu og ræddi meðal annars um veiðigjaldamálið þar sem hann hvatti landshlutasamtök til að draga fram inn í umræðuna hvernig veiðigjöldin eru að fara með byggðirnar. Þá ræddi hann sauðfjárræktina og mikilvægi markaðsetningar landbúnaðarafurða og tækifæri á mörkuðum. Haraldur kom einnig inn á samgöngumálin og sagði að enn væri mikil umræða eftir varðandi Samgönguáætlun. Þá ræddi Haraldur meðal annars loftlagsmál, raforkudreifikerfi og fjarskiptamál.

Guðveig þakkaði Haraldi fyrir að fara vel yfir málin.

➤ Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri Sambands íslenskra sveitafélaga

Guðveig bauð Val Rafn Halldórsson velkomin í pontu.

Valur fór yfir þróun kosningaþátttöku á undanförunum árum og sagði áhyggjuefni að hún fer lækkandi. Hann kynnti jafnframt starfsemi sambandsins ásamt því að segja frá komandi Landsþingi. Þá sagði hann frá hugmyndum um eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að lögbinda lágmarks íbúafjölda í sveitarfélögum. Valur sagði frá því að endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væru í nefnd ásamt því að sýna þróun á fjármagni sveitarfélaga og hvernig það sveiflast í takt við hagvöxt. Hann sagði samskipti við alþingi skipta miklu máli og að þingmenn hafi til hliðsjónar stefnumörkun sambandsins í störfum sínum. Jafnframt ræddi Valur árangur í hagsmunagæslu og nýja byggðaaætlan og þá góðu samvinnu við Sambandið í þeirri vinnu. Hann sagði einnig frá vinnu við gerð þjónustukorts sem mun sýna aðgengi landsmanna að allri almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila og er gríðarlega stórt verkefni. Í lokin fór Valur yfir þau fjölmörgu og brýnu verkefni sem framundan eru hjá Sambandinu og að endingu hvatti hann sveitarstjórnarfulltrúa til að hafa samband við Sambandið ef það vantar ráðgjöf eða aðstoð.

Guðveig þakkaði Val fyrir sitt ávarp og tilkynnti að nú yrði gert fundarhlé á þingsstörfum til morguns og að dagskrá hefjist stundvíslega kl. 9.

Kynning á starfsemi Háskólans á Bifröst – Vilhjálmur Egilsson, rektor

Valgarður bauð Vilhjálmm velkomin í pontu.

Vilhjálmur Egilsson kom upp og sagði frá starfsemi Háskólans á Bifröst og fór í framhaldinu með þinggesti í gönguferð um Bifrastarsvæðið. Í framhaldi af því var kvöldverður á Hótel Bifröst. Undir borðhaldi voru fimm fyrrverandi sveitarstjórnarmenn heiðraðir fyrir vel unnin störf en þau störfuðu öll í 16 ár eða lengur að sveitarstjórnarmálum. Þetta voru þau Sturla Böðvarsson Stykkishólmi, Ingibjörg Pálmadóttir Akranesi, Ása Helgadóttir Hvalfjarðarsveit og Innri-Akraneshreppi, Bjarki Þorsteinsson Borgarbyggð og Kristján Þórðarson Snæfellsbæ.

Þing hófst að nýju kl. 9 föstudaginn 21. september.

Valgarður bauð þinggesti velkomna.

Kynning á vinnu við Velferðarstefnu Vesturlands – Raket Óskarsdóttir

Valgarður bauð Raket velkomna í pontu.

Raket sagði frá vinnu við velferðarstefnu Vesturlands en stjórn SSV hafði frumkvæði að því að farið var í vinnu við velferðarstefnu í landshlutanum og er það fyrsta slíka stefnan sem unnin er fyrir landshluta. Um er að ræða samvinnu á milli HVE, öldrunarstofnana, sveitarfélaga, þjónusturáðs um málefni fatlaðra og starfsendurhæfingar en allir þessir aðilar voru tilbúnir í samstarf. Stofnaður var vinnuhópur síðast liðið vor og ráðin verkefnastjóri sem vann að verkefninu. Meginverkefni hópsins er að vinna tillögu að heildstæðri velferðarstefnu fyrir Vesturland sem inniheldur framtíðarsýn, markmið og tillögu að aðgerðum til að nálgast þau markmið sem fram eru sett. Raket fór yfir markmiðin með gerð stefnunnar en það er fyrst og fremst fjórþætt. Að stefnan verði leiðarljós fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðra þá sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi, að stefnan stuðli að því að þjónusta við íbúa verði eflað, að stefnan stuðli að auknu samstarfi og samráði þeirra aðila sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi og að stefnan nýtist sem verkfæri í samskiptum heimaðila og stjórnvalda varðandi uppbyggingu þjónustu og fjármögnun hennar. Að endingu sagði Raket að verkefnið væri ennþá í vinnslu og mikilvægt væri að ákveða hvernig ætti að fylgja stefnunni eftir. Hún vonar að stefnan muni stuðla að því að það eigi sér stað gott samtal við ríkið um forgangsröðum fjármagns í velferðarmálum á Vesturlandi.

Valgarður þakkaði Raket fyrir kynninguna.

Pallborðsumræður um velferðarmál - Þátttakendur í pallborði:

Valgarður kynnti pallborðið en þátttakendur voru:

Stjórnandi pallborðs Sigrún Lilja Einarsdóttir forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Bifröst.

Pallborð:

- Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra
- Jóhanna Fjóra Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands
- Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks
- Bjarki Þorsteinsson framkvæmdastjóri Brákarhlíðar og varaformaður Samtaka fyrirtækja í öldrunarþjónustu
- Rakel Óskarsdóttir formaður SSV

Sigrún Lilja kynnti og gaf þeim öllum í framhaldinu 5 mínútur til að svara spurningunni „Hver er ykkar framtíðarsýn í heilbrigðismálum á Íslandi?“ Eftir að þátttakendur höfðu farið yfir sína sýn þá hófust spurningar úr sal og í framhaldinu sköpuðust miklar og góðar umræður í um tvo klukkutíma þar sem velt var upp mörgum hliðum á þeim fjölmörgu verkefnum sem hvíla í málaflokknum.

Guðveig þakkaði stjórnanda og þátttakendum fyrir góðar umræður um velferðarmálin.

Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum

Guðveig bað fulltrúa vinnuhópa að vera tilbúna að koma í pontu og gera grein fyrir sínu starfi. Guðveig tilkynnti að fyrst myndu allir hópar gera grein fyrir sinni vinnu og leggja fram ályktanir og í lokin færi kosning fram.

➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV

Guðveig bauð Björgu Ágústsdóttur velkomna í pontu og gera grein fyrir starfi vinnuhóps um fjárhags- og starfsáætlun SSV.

Björg Ágústsdóttir reifaði umræðu hópsins og sagði að fram hafi komið fyrirspurnir og góðar umræður í hópavinnunni. Hópurinn leggur til að fjárhags- og starfsáætlun verði samþykkt óbreytt eins og hún var kynnt í gögnum þingsins.

Sjá framlagða fjárhags- og starfsáætlun í fylgiskjölum.

➤ Samgöngumál og fjarskipti

Guðveig bauð Ólaf G. Adólfsson velkomin í pontu og bað hann að gera grein fyrir starfi vinnuhóps um samgöngumál.

Ólafur greindi frá vinnu hópsins sem hafi að mestu leyti falist í því að uppfæra ályktunina frá síðasta ári enda væri stuðst við Samgönguáætlun Vesturlands, en þó kom inn alveg nýr kafli um raforkumál inn í ályktunina.

Árni Hjörleifsson: sagði að Vegagerðin væri farin að loka mun oftast veginum undir Hafnarfjalli en hún gerði áður og þá væri umferð beint yfir Geldingadraga. Árni kom með tillögu um viðbót í ályktunina sem hljóðar svo: „Vakin er athygli á þeirri nauðsyn að Geldingadragavegi sé haldið opnum á veturnum þar sem sú leið er hjáleið þegar slæm veður eru á þjóðvegi 1 undir Hafnarfjalli.“

Þessi viðbót verður tekin sem breytingatillaga þegar ályktanir verða afgreiddar í lokin.

Sjá framlagða ályktun um samgöngumál í fylgiskjölum.

➤ Atvinnu- og umhverfismál

Guðveig bauð Sævar Frey Þráinsson velkomin í pontu og bað hann að gera grein fyrir starfi vinnuhóps um atvinnu- og umhverfismál.

Sævar las upp þær breytingar sem vinnuhópurinn gerði á ályktunum frá síðasta þingi.

Nýr kafli í Sjávarútvegshlutunum sem vinnuhópurinn bætti við frá ályktun 2017 um nýtingu lífríkis og rannsóknir á lífríki sköpuðu miklar umræður. En hann var svo hljóðandi:

„Haustfundur SSV leggur áherslu á að sett verði heildarlöggjöf um nýtingu lífríkis á grunnslóðum við strendur landsins þar sem gætt er að náttúruvernd. Mikil vakning og þróun er í nýtingu lífríkis sjávar sem m.a. snýr að ræktun skelfiski, bláskel, ostrum, og „kelp“ (sjávar grænmeti) og þörungum sem eft getur útgerð smábáta. Stuðla þarf að þróun veiðarfæra sem leiða til skynsamlegri nýtingar með tilliti til umhverfisins. Stórauka þarf allar rannsóknir á lífríki við strendur landsins til þess að nýtingin verði samkeppnisfær í þessari nýju þekkingu sjávargróðurs til manneldis. Löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba og sjávargróðurs áður en nýting verður arðbær sem þarf að styðja við í þróunarfasa.“

Í umræðum á fundinum komu fram áhyggjur varðandi áhrif þessa á lífríki sjávar og þýðingu fyrir uppeldissvæði fiskistofna. Niðurstaðan var sú að taka þessa umfjöllun um nýtingu á lífríki út úr ályktun.

Þó nokkrar umræður sköpuðust í kaflanum um „Þekkingasetur og menntastofnanir“. Þar var m.a. rætt um staðsetningu Þjóðgarðsstofnunar, en ljóst er að mikill vilji er meðal sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi að hún verði staðsett á Vesturlandi, en bæði Hvanneyri og Snæfellsnes voru nefnd sem álitlegir staðir til að hýsa stofnunina.

Björg Ágústsdóttir lagði fram tillögu sem samþykkt var að bæta við ályktun í kaflann um „verkefni til eflingu svæða“ og er svo hljóðandi:

“Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök á Vesturlandi, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Sem dæmi má nefna Svæðisgarðinn Snæfellsnes og Sögu, jarðvang í Borgarfirði. Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum og hvetur stjórnvöld til að styðja við slíkt samstarf, sem miðar að því að samþætta vernd og nýtingu svæðisbundinna auðlinda.“

Þá lagði Kristinn Jónasson til að eftirfarandi viðbót yrði sett inn í texta um „verkefni til eflingar svæða“:

„Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarinn áratug. Haustþing SSV samþykkir að sveitarfélögin á Vesturlandi munu leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau skulu beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar.“

Þá lagði Kristinn Jónasson fram svo hljóðandi tillögu að viðbót við ályktunina um atvinnumál:

„Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þær fréttir frá VÍS að loka eigi öllum starfsstöðvum á Vesturlandi um næstu mánaðarmót. Þessi ákvörðun er óásættanleg fyrir viðskiptavinum og starfsfólki VÍS á svæðinu sem margir hverjir hafa verið í áratugi í viðskiptum og störfum við og fyrir félagið. Skorað er á sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu að bregðast við þessari ákvörðun VÍS með því að endurskoða viðskipti sín við fyrirtækið.“

Aðrir kaflar voru með smærri breytingum frá ályktunum 2017 og kafli um Grundartanga er nýr og hrein viðbót.

Sjá framlagða ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjölum.

➤ Opinber þjónusta

Guðveig bauð Hrafnhildi Hallvarðsdóttur velkomna í pontu og bað hana að gera grein fyrir starfi vinnuhóps um opinbera þjónustu.

Hrafnhildur las yfir þær breytingar sem gerðar voru á ályktunum um opinbera þjónustu frá síðasta þingi. Nokkrar ábendingar komu fram um orðalag og voru drögin að ályktun lagfærð í samræmi við það.

➤ Fjárhags- og starfsáætlun og ályktanir bornar upp til atkvæða

Valgarður tilkynnti að nú yrðu fjárhags- og starfsáætlun ásamt ályktunum þingsins bornar upp til afgreiðslu.

Fjárhags- og starfsáætlun:

Tillaga um fjárhags- og starfsáætlun var lögð fram til umræðu en engin hvatti sér hljóðs og þá var tillaga um fjárhagsáætlun borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða

Þá var borin upp tillaga um starfsáætlun til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Sjá framlagða og samþykta fjárhags- og starfsáætlun í fylgiskjölum.

Ályktun um samgöngumál og fjarskipti:

Valgarður byrjaði á að bera upp breytingatillögu frá Árna Hjörleifssyni, sem var á þá leið að bæta við svo hljóðandi texta inn í ályktunina frá vinnuhópnum:

„Vakin er athygli á þeirri nauðsyn að Geldingadragavegi sé haldið opnum á vetrum þar sem sú leið er hjáleid þegar slæm veður eru á þjóðvegi 1 undir Hafnarfjalli.“

Samþykkt með 5 atkvæðum, 2 á móti og aðrir sátu hjá. Í kjölfarið sköpuðust nokkrar umræður um tillögu Árna og hvaða erindi hún ætti inni í ályktun um samgöngumál á Vesturlandi og hvar hún ætti heima í forgangsröðun varðandi verkefni í vegamálum. Fundarstjóri stoppaði umræðuna og sagði að búið væri að samþykkja breytingatillöguna og ekki þjónaði tilgangi að ræða þetta frekar.

Ályktun um samgöngumál var samþykkt með 7 atkvæðum, engin á móti og aðrir sátu hjá.

Sjá framlagða og samþykta ályktun um samgöngumál og fjarskipti í fylgiskjölum.

Ályktun um atvinnu- og umhverfismál

Valgarður bar upp til atkvæða ályktun um atvinnu- og umhverfismál með útskýringum frá Sævari Frey að taka út nýja kaflann um lífríki sjávar og með viðbótum frá Kristni og Björgu.

Samþykkt samhljóða

Sjá framlagða og samþykta ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjölum.

Ályktun um opinbera þjónustu

Valgarður bar upp til atkvæða ályktun um opinbera þjónustu með þeim útskýringum sem fram komu í umræðu.

Samþykkt samhljóða

Sjá framlagða og samþykta ályktun um opinbera þjónustu í fylgiskjölum.

Kosning stjórnar SSV og Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Valgarður tilkynnti að næst yrði kosning stjórnar SSV.

Kristinn Jónasson kynnti tillögu kjörnefndar um nýja stjórn sem var svo hljóðandi:

Akraneskaupstaður:

Aðalmaður: Einar Brandsson
Aðalmaður: Bára Daðadóttir
Varamaður: Sandra Sigurjónsdóttir
Varamaður: Gerður Jóhannsdóttir

Borgarbyggð:

Aðalmaður: Lilja Ágústsdóttir
Aðalmaður: Guðveig Eyglóardóttir
Varamaður: Magnús Smári Snorrason
Varamaður: Davíð Sigurðarson

Dalabyggð

Aðalmaður: Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Varamaður: Ragnheiður Pálsdóttir

Eyja- og Miklaholtshreppur

Aðalmaður: Eggert Kjartansson
Varamaður: Atli Sveinn Svansson

Grundarfjarðarbær

Aðalmaður: Jósef Ó. Kjartansson
Varamaður: Hinrik Konráðsson

Helgafellssveit:

Aðalmaður: Sif Matthíasdóttir
Varamaður: Guðrún Reynisdóttir

Hvalfjarðarsveit

Aðalmaður: Björgvin Helgason
Varamaður: Bára Tómasdóttir

Skorradalshreppur:

Aðalmaður: Árni Hjörleifsson
Varamaður: Jón E. Einarsson

Snæfellsbær:

Aðalmaður: Björn Hilmarsson
Varamaður: Júníana Óttarsdóttir

Stykkishólmsbær:

Aðalmaður: Jakob Björgvin Jakobsson
Varamaður: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Tillaga að nýrri stjórn samþykkt samhljóða

Borin upp tillaga kjörnefndar um að formaður SSV yrði Eggert Kjartansson.
Samþykkt samhljóða

Þá bar Valgarður upp til atkvæða tillögu kjörnefndar um nýja stjórn Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem var svo hljóðandi:

Aðalmenn

Ólafur Adolfsson, Akranesi

Brynja Þorbjörnsdóttir, Hvalfjarðarsveit

Silja Eyrún Steingrimsdóttir, Borgarbyggð

Auður Kjartansdóttir, Snæfellsbæ

Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmi

Varamenn

Rúna Björg, Akranesi

Helgi Magnússon, Hvalfjarðarsveit

Logi Sigurðsson, Borgarbyggð

Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð

Heiður Björk Óladóttir, Stykkishólmi

Ragnhildur Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi náttúruverndarnefnda

Þingslit

Valgarður þakkaði fundarmönnum fyrir góða þingsetu og gagnlegar umræður. Hann sleit þingi og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Fylgiskjöl:

 ➤ [Fjárhags- og starfsáætlun SSV - samþykkt](#)

Fjárhagsáætlun SSV fyrir 2018-2019

Tekjur	Rauntölur 2017	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019
<i>Árgjöld, framlög, seld þjónusta</i>			
Árgjöld sveitarfélaga	31.646.050	32.174.050	33.636.900
Framlag Jöfnunarsjóðs	30.626.403	29.818.019	30.563.469
Byggðastofnun v/atvinnur	22.431.000	23.220.000	23.800.500
Þjónustusamningar	30.050.072	14.728.663	13.250.176
Tekjur atvinnuráðgjafar	11.520.413	6.470.978	7.900.000
Aðrar tekjur	-	70.000	70.000
Samtals	126.273.938	106.481.710	109.221.045
<i>Sértekjur</i>			
Menningarstarf á Vesturlandi	-	7.500.000	7.500.000
Sóknaráætlun Vesturlands	-	12.900.000	11.400.000
Samtals	-	20.400.000	18.900.000
Heildartekjur í rekstri	126.273.938	126.881.710	128.121.045
<i>Almenningssamgöngur</i>			
Heildartekjur	126.273.938	126.881.710	128.121.045
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	78.566.471	84.750.457	88.695.881
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>			
Húsnæðiskostnaður	3.354.321	2.615.833	3.785.997
Rekstur áhalda og tækja	1.677.372	2.774.035	2.855.859
Skrifstofukostnaður	2.070.858	2.489.108	2.635.298
Stjórnun og umsýsla	13.384.063	22.100.256	20.378.511
Rekstur bifreiða	548.243	601.815	820.193
Samtals	21.034.857	30.581.047	30.475.858
<i>Önnur gjöld</i>			
Gjöld vegna sérverkefna	-5.500.000	-	-
Framlag til Vesturlandsstofu	5.700.000	5.700.000	5.850.000
Styrkir vegna sóknaráætlunar	10.857.386	-	-
Afskriftir	2.163.513	2.551.649	2.680.000
Samtals	13.220.899	8.251.649	8.530.000
Heildargjöld	112.822.227	123.583.153	127.701.739
Hagnaður/tap án fjárm.	13.451.711	3.298.557	419.306
<i>Fjármunatekjur</i>			
Aflögð starfsemi	433.258	753.594	765.000
Aflögð starfsemi	-1.688.787	-	-
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	-2.881.683	-	-
Hagnaður/tap	9.314.499	4.052.151	1.184.306

VIÐAUKI VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Sóknaráætlun 2019

Tekjur

Framlög ráðuneyta	81.715.806
Framlög sveitarfélaga	12.192.750
Uppsafnað fé frá fyrri árum	9.200.000
Samtals	103.108.556

Gjöld

Uppbyggingarsjóður	60.000.000
Áhersluverkefni	36.108.556
Umsjón SSV	7.000.000
Samtals	103.108.556

Greinargerð

Hér undir verður stuttlega gerð grein fyrir helstu tekju- og gjaldaliðum í Sóknaráætlun Vesturlands árið 2019.

Tekjur

Framlög ríkissjóðs árið 2019 er áætlað að framlög ríkissjóðs verði 81,7 m.kr. til Sóknaráætlunar Vesturlands. Þetta er sama upphæð og árið 2018, en áætlað er að upphæðin verði óbreytt út samningstímann eða út árið 2019. Upphæðin hækkaði um 15% árið 2017.

Framlög sveitarfélaga tengdust áður menningarsamningi Vesturlands. Þegar samningurinn var lagður niður og sóknaráætlun kom í staðinn fluttust þessi framlög inn í sóknaráætlunina enda kveður samningurinn um sóknaráætlun svo um. Áætlað er að framlög sveitarfélaga á Vesturlandi verði óbreytt eða 750 kr. á íbúa sem þýðir að tekjur verða 12,2 m.kr. Framlagið hefur verið óbreytt frá árinu 2013.

Gjöld

Uppbyggingarsjóður

Lagt er til að uppbyggingarsjóður fái til umráða 60 m.kr. á árinu 2019 og hækki um 2 m.kr. frá árinu 2018. Þetta eru tæplega 58 % af heildartekjum Sóknaráætlunar Vesturlands. Samkvæmt samningi skal sjóðurinn að lágmarki fá 55% af fjármagni sóknaráætlunar til úthlutunar ár hvert.

Áhersluverkefni

Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að rúmlega 36 m.kr. fari í áhersluverkefni. Fundur samráðsvettvangs Vesturlands sem fer fram í október 2018 mun leggja línurnar varðandi áhersluverkefni 2019. Þessum verkefnum verður ýtt úr vör í janúar 2019. Áætlað er að starf menningarfulltrúa verði eitt af áhersluverkefnum ársins 2019.

Umsjón SSV

Samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vesturlands fær SSV árlega 7 m.kr. vegna umsýslu með samningnum. Þessi upphæð á að standa undir stjórnnum og ráðum sem koma að úthlutun styrkja, funda og auglýsingakostnaði, vinnu starfsfólks og allt annað sem tengist umsýslu með sóknaráætlun.

Árgjald til SSV frá sveitarfélögum á Vesturlandi
Árið 2019

TILLAGA

Sveitarfélag	Fjöldi	Árgjald	Fastagj.	Jan-mars	Apríl-júní	Júlí-sept	Okt-des	Samtals
Akanes	7.259	12.340.300	600.000	3.685.075	3.085.075	3.085.075	3.085.075	12.940.300
Hvalfjarðarsveit	648	1.101.600	600.000	875.400	275.400	275.400	275.400	1.701.600
Skorradalshreppur	56	95.200	600.000	600.000		95.200		695.200
Borgarbyggð	3.745	6.366.500	600.000	2.191.625	1.591.625	1.591.625	1.591.625	6.966.500
Grundarfjarðarbær	877	1.490.900	600.000	972.725	372.725	372.725	372.725	2.090.900
Helgafellssveit	58	98.600	600.000	600.000		98.600		698.600
Stykkishólmur	1.177	2.000.900	600.000	1.100.225	500.225	500.225	500.225	2.600.900
Eyja- og Miklaholtshreppur	129	219.300	600.000	600.000		219.300		819.300
Snæfellsbær	1.641	2.789.700	600.000	1.297.425	697.425	697.425	697.425	3.389.700
Dalabyggð	667	1.133.900	600.000	883.475	283.475	283.475	283.475	1.733.900
Samtals	16.257	27.636.900	6.000.000	12.805.950	6.805.950	7.219.050	6.805.950	33.636.900

Íbúaföldi í janúar 2018.

 kr. **33.636.900**

Sveitarfélög greiði fast grunnjald kr.	600.000
Sveitarfélög greiði árgjald kr. 1700 á íbúa	1.700

Starfsáætlun 2019
Inngangur

Í lögum SSV sem samþykkt voru haustið 2014 er kveðið á um að SSV skuli vinna starfsáætlun fyrir komandi ár. Það er von okkar að starfsáætlunin skýri frekar hlutverk SSV, hver eru helstu verkefni samtakanna og hverjar séu áherslur stjórnar fyrir komandi ár.

Hlutverk og markmið SSV

Í sveitarstjórnarlögum og lögum um byggðaaætlun er landshlutasamtökum sveitarfélaga falið ákveðið hlutverk. Í 97 gr. sveitarstjórnarlaga nr.38/2011 er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Í þessari lagagrein segir að sveitarfélögunum sé heimilt að hafa með sér landshlutasamtök sem vinni að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir sveitarfélögin í landshlutanum. Jafnframt er kveðið á um í lagagreininni að ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir skulu leita umsagnar hjá landshlutasamtökunum við ákvarðanir eða stefnumótun sem varði landshlutann sérstaklega. Loks er kveðið á um að landshlutasamtök geti með samningum eða samkvæmt ákvæðum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra. Þá er landshlutasamtaka sveitarfélaga getið í ákveðnum sérlögum, en í lögum um byggðaaætlun nr.69/2015 er í 4.gr. kveðið á um hlutverk landshlutasamtaka varðandi vinnu og framkvæmd sóknaráætlunar.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) starfa því annars vegar með hliðsjón af áður nefndum lagaákvæðum og hins vegar í samræmi við sérlög samtakanna eins og þau voru samþykkt á aðalfundi 2014 og með breytingum á 6. gr. á Haustþingi 2017. Samtökin voru stofnuð árið 1969 og hafa allt frá upphafi verið samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Vesturlandi. Í dag eiga öll sveitarfélögin í landshlutanum aðild, en þau eru alls 10.

Í lögum SSV kemur fram að markmið samtakanna eru:

- Að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu-, og félagsmálum.



- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.
- Kynna kosti Vesturlands, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans.

SSV hefur tekið að sér í gegnum samninga eða samþykktir að sinna ýmsum verkefnum fyrir landshlutann:

- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðapróunar verkefni á Vesturlandi. Nýr samningur var undirritaður í upphafi árs 2018 og gildir hann til ársloka 2022.
- Í samþykktum um Þjónustuvæði Vesturlands fyrir málefni fatlaðra kemur fram að stjórn SSV fer með yfirstjórn verkefnisins og starfsmenn SSV halda utan um fjárhagslega umsýslu þess. Með hliðsjón af nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tekur gildi haustið 2018, er líklegt að þetta hlutverk SSV muni breytast.
- Með samningi við Vegagerðina sér SSV um skipulag og framkvæmd almenningsgangna á milli sveitarfélaga á Vesturlandi og með samningi við aðra landshluta sér SSV um akstursleiðina á milli Reykjavíkur og Akureyrar og Búðardals og Hólmavíkur. Samningurinn rennur út í árslok 2018 og að svo stöddu liggur ekki fyrir hvort framhald verði á, en líklegt má telja að svo verði.
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur urðunar staðarins í Fíflholtum.
- SSV á allt hlutafé í Vesturlandsstofu (Markaðsstofu Vesturlands) og heyrir hún í skipuriti undir SSV.

Stjórn SSV og starfsfólk leitast því við að vinna í samræmi við lög, markmið SSV, samþykktir og samninga um ákveðin verkefni.

Af ofangreindu má sjá að rekstur SSV er fjölþættur og verður áfram með þeim hætti samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2019.

Stjórnskipulag SSV og starfsmannahald

Aðalfundur SSV sem fer fram vor hvert hefur æðsta vald í starfsemi samtakanna. Stjórn SSV heldur haustþing ár hvert um hagsmunamál sveitarfélaganna og getur aðalfundur vísað ákveðnum verkefnum sínum til haustþings. Á aðalfundi er kosin stjórn sem skipuð er 12 fulltrúum. Sveitarfélög með 3000 íbúa eða fleiri skulu eiga tvo fulltrúa en sveitarfélög með færri en 3000 íbúa eiga einn fulltrúa.

Í stjórn SSV frá haustþingi 2017 fram að haustþingi 2018 sitja eftirtaldir í stjórn:

- Raket Óskarsdóttir, Akraneskaupstað, formaður
- Hafdís Bjarnadóttir, Stykkishólmsbæ varaformaður
- Ingvaldur Guðmundsdóttir, Dalabyggð
- Hilmar Hallvarðsson, Helgafellssveit
- Eyþór Garðarsson, Grundarfjarðarbæ
- Eggert Kjartansson, Eyja- og Miklaholtshreppi, ritari
- Geirlaug Jóhannsdóttir, Borgarbyggð
- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Árni Hjörleifsson, Skorradalshreppi
- Stefán Ármannsson, Hvalfjarðarsveit
- Valgarður Lyngdal Jónsson, Akraneskaupstað
- Björn Hilmarsson, Snæfellsbæ

Í september 2018 eru eftirtaldir starfsmenn hjá SSV

- Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli
- Svala Svavarsdóttir, verkefnastjóri í 80% starfshlutfalli

- Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands og launafulltrúi SSV í 50% starfshlutfalli
- Sædis Þórðardóttir, skrifstofumaður í 30% starfshlutfalli. (Starfsendurhæfing Vesturlands)
- Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi í 60% starfshlutfalli
- Ólafur Sveinsson, forstöðumaður atvinnuráðgjafar í 50% starfshlutfalli
- Margrét Björk Björnsdóttir, atvinnuráðgjafi í 100% starfshlutfalli
- Ólöf Guðmundsdóttir, atvinnuráðgjafi í 100 % starfshlutfalli
- Vífill Karlsson, atvinnuráðgjafi í 90% starfshlutfalli

Stöðugildi á skrifstofu SSV eru því áætluð 6,6 á árinu 2019. Margrét Björk atvinnuráðgjafi mun á árinu 2019 vera í hlutastarfi hjá Vesturlandsstofu í sérverkefni vegna Áfangastaðaáætlunar Vesturlands og er hún í raun lánuð til Vesturlandsstofu í þetta verkefni.

Hjá Vesturlandsstofu eru þrjú stöðugildi.

- Rósa Gréta Ívarsdóttir, forstöðumaður
- Sonja Hille, starfsmaður upplýsingamiðstöðvar
- Björk Jóelsdóttir, verkefnastjóri

Hrefna B. Jónsdóttir hefur haldið utan um um bókhald Vesturlandsstofu á árinu 2018 og verður svo væntanlega áfram á árinu 2019.

Eins og áður hefur komið fram sér SSV um rekstur Sorpurðunar Vesturlands samkvæmt þjónustusamningi við stjórn fyrirtækisins. Hjá Sorpurðun eru tveir starfsmenn í Fíflholtum, auk þess sem Hrefna B. Jónsdóttir stýrir rekstrinum eins og áður hefur komið fram:

- Þorsteinn Eypórsson, verkstjóri í Fíflholtum 100% starfshlutfall
- Benjamín Fjeldsted, starfsmaður í Fíflholtum 100% starfshlutfall

Helstu verkefni

Samstarf og hagsmunagæsla

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti:

- Fulltrúar SSV funda reglulega með fulltrúum annarra landshlutasamtaka. Haldinn er fundur í júní ár hvert, auk þess sem aðilar hittast í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og landsþing sveitarfélaga. Alla jafna sitja formaður og framkvæmdastjóri þessa fundi og á þeim er farið yfir ýmis sameiginleg mál landshlutasamtakanna. Þau landshlutasamtök sem eru í forsvari viðkomandi ár taka málefni sameiginlegra funda upp með viðeigandi stjórnvöldum.
- Landshlutasamtökin funda einu sinni á ári með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og fer sá fundur fram í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Á þessum fundum eru helstu áherslur landshlutasamtakanna kynntar fyrir stjórn sambandsins
- Einu sinni á ári er sameiginlegur fundur SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins. Alla jafna fór þessi fundur fram í október í tengslum við kjördæmaviku alþings, en undanfarin tvö ár hefur hann farið fram í janúar.
- Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og auk þess eru fulltrúar SSV kallaðir fyrir þingnefndir varðandi ákveðin mál sem landshlutasamtökin koma að.
- Stjórn SSV tekur iðulega upp ákveðin hagsmunamál landshlutans og fundar með viðkomandi stjórnvöldum eða sendir erindi.
- SSV sér um að skipuleggja ýmis konar fundi með stjórnvöldum fyrir landshlutann.

Þá hefur SSV farið þá leið undanfarið að vinna sameiginlega stefnu í ákveðnum málaflokkum fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi. Árið 2017 var Samgönguáætlun Vesturlands samþykkt af sveitarfélögunum, en SSV hafði veg og vanda af þeirri vinnu. Áætlunin hefur leitt til þess að samhljómur er í málflutningi sveitarfélaga á Vesturlandi varðandi samgöngubætur og forgangsriðun verkefna og er það samdóma álit að þetta gefi landshlutanum aukin slagkraft. Á árinu 2018 hófst vinna við velferðarstefnu Vesturlands er áætlað að henni ljúki á árinu 2019.

Af ofan sögðu má sjá að SSV hefur ýmsar leiðir til þess að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Gert er ráð fyrir að þessar leiðir verði áfram notaðar á árinu 2019, auk þess sem stjórn óskar að styrkja hagsmunagæsluna með eftirfarandi áherslum;

Helstu áherslur fyrir árið 2019

- Fjölga reglulegum fundum með þingmönnum Norðvesturkjördæmis, tengja verkefni SSV við verkefni þingnefnda með samráði við þingmenn kjördæmisins sem sitja í viðkomandi nefndum og efla upplýsingamiðlun til þingmanna.
- Standa fyrir sameiginlegum fundum forstöðumanna ríkisstofnanna á Vesturlandi.
- Ljúka við gerð Velferðarstefnu Vesturlands
- Hefja endurskoðun á samgönguáætlun Vesturlands.

Fræðslumál, efla samstarf og auka þekkingu

Eitt af markmiðum SSV er að efla samstarf og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi. SSV hefur átt í góðu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um námskeiðahald, en sambandið hefur í kjölfar sveitarstjórnarkosninga staðið fyrir námskeiðum fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og fulltrúa í nefndum, en síðast var slíkt námskeið haldið í byrjun september sl. Auk þess sem Sambandið hefur staðið fyrir ýmsum fræðslufundum. SSV skipulagði og stóð á árinu 2016 fyrir fræðsluferð sveitarstjórnarmanna til Noregs sem þótti takast vel og því leggur stjórn SSV til að farið verði í slíka ferð á árinu 2019. SSV hefur undanfarið staðið fyrir fundum bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi og er lögð áhersla á að slíkir fundir verði árviss viðburður og liður í því að styrkja samstarf á Vesturlandi. Þá hyggst stjórn taka upp þá nýbreytni að skapa samráðsvettvang fyrir formstöðumenn einstakra málaflokka þar sem þeir geta miðlað reynslu og þekkingu á verkefnum. Loks leggur stjórn áherslu á miðla gögnum stjórnarfunda til allra sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi til að efla upplýsingamiðlun til þeirra og skapa þeim tækifæri til að hafa áhrif á þau mál sem tekin eru fyrir á stjórnarfundum.

Atvinnuráðgjöf SSV staðið fyrir ýmiskonar rannsóknum og samantekt gagna um ýmsa þætti á Vesturlandi. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um atvinnuráðgjöf SSV.

Helstu áherslur árið 2019

- Í febrúar verði boðið upp á sérstakan fræðsludag fyrir sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi og starfsfólk sveitarfélaga.
- Skipuleggja fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarmenn erlendis og tengja það við 50 ára afmæli SSV.
- Standa reglulega fyrir fundum fyrir forstöðumenn einstakra málaflokka á Vesturlandi til að efla samvinnu og skapa tækifæri til upplýsingamiðlunar þeirra á milli.

Kynning á Vesturlandi, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega stöðu.

SSV á allt hlutafé í Vesturlandsstofu sem sér um sameiginleg kynningarmál fyrir landshlutann, sérstaklega hvað viðvísing ferðaþjónustu. Stofan heldur út öflugri heimasíðu „westiceland.is“ þar sem finna má ýmiskonar fróðleik um

Vesturland og ferðapjónustu í landshlutunum. SSV hefur kynnt sína starfsemi á heimasíðu, en ný heimasíða var tekin í notkun í janúar 2017, og á facebooksíðu. Þá var sett inn vefsíða með ýmskonar upplýsingum um Vesturland inn á heimasíðuna sumarið 2018. Árið 2018 var tekin upp sú nýbreytni að kynna ákveðin hagsmunamál Vestlendinga með gerð sjónvarpsþátta. Þá hefur SSV staðið fyrir ýmsum ráðstefnum og fundum um ýmis hagsmunamál

Helstu áherslur á árinu 2019

- Vinna upplýsingastefnu fyrir SSV og gera upplýsingamiðlun SSV til sveitarfélaga og íbúa markvissari .
- Standa fyrir fundum um ýmis hagsmunamál Vesturlands í tengslum við 50 ára afmæli SSV

Sóknaráætlun Vesturlands

SSV hefur samkvæmt lögum umsjón með Sóknaráætlun Vesturlands og framkvæmd hennar. Á árinu 2015 var lögð mikil vinna í Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Samþykkt var framtíðarsýn fyrir Vesturland sem útfærð var með markmiðum og tillögum að aðgerðum. Þessum markmiðum og aðgerðum hefur verið fylgt eftir með sérstökum áhersluverkefnum og hefur verið unnið alls að 15 verkefnum á Vesturlandi frá árinu 2015.

Þá er starfrækur samráðsvettvangur Vesturlands um sóknaráætlun og sitja 18 fulltrúar í vettvanginum ásamt stjórn SSV og hefur hann komið saman til fundar einu sinni á ári. Samráðsvettvangur Vesturlands mun á fundi sínu í október 2018 leggja línur varðandi ný áhersluverkefni fyrir árið 2019. Rétt er að nefna að áhersluverkefni geti staðið yfir í fleiri en eitt ár. Reiknað er með að farið verði í 4 til 6 verkefni og er áætlað að verja 35 m.kr. til þessara verkefna.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands er þriðja stoðin í sóknaráætlun. Úthlutunum úr sjóðnum er stýrt af fimm manna stjórn og sex manna fagráði. Stjórn sjóðsins mun úthluta styrkjum tvisvar á næsta ári. Fyrri úthlutunin verður í febrúar og síðari úthlutun í október, en þá verður einungis úthlutað til nýsköpunar í atvinnulífi. Ekki liggur endanlega fyrir hve mikið fjármagn sjóðurinn hefur til úthlutunar, en það mun ráðast af fjárlögum árisins 2019. Áætlað er að sjóðurinn úthluti um 60 m.kr. á árinu 2019 til menningarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífi.

Á árinu 2019 mun undirbúningur að gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vesturland hefjast, en eldri samningur rennur út í árslok 2019.

Helstu áherslur á árinu 2019

- Að efla og þróa starf samráðsvettvangs Sóknaráætlunar
- Að vinna að markmiðum Sóknaráætlunar Vesturlands og kynna áætlunina frekar fyrir íbúum.

Atvinnuráðgjöf

Gert er ráð fyrir að starfsemi atvinnuráðgjafar verði með svipuðum áherslum og hafa verið á síðustu misserum. Unnið er fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög að eflingu atvinnulífs og bættum búsetuskilyrðum á svæðinu. Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning við Byggðastofnun um atvinnuþróun í landshlutunum og skal samkvæmt honum sinna eftirfarandi verkefnum:

- Atvinnu – og byggðaðróun
Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands. Leitar eftir samstarfi við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins og aðra aðila sem vinna ráðgjafar og leiðbeiningarstarf í atvinnuáááálum.

- Atvinnuráðgjöf
Atvinnuráðgjöf veiti aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veiti upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vöru eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.
- Nýsköpun
Atvinnuráðgjöf vinni verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.
- Búsetuþættir
Atvinnuráðgjöf vinni í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu og eflingu búsetuþátta.
- Upplýsingaöflun
Atvinnuráðgjöfin skal hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.
- Endurmenntun, samstarf o.fl.
Atvinnuráðgjöfin skal leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðaðróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á félaganna.

Hvernig áherslur í starfsemi skiptist innan svæðis og milli einstakra aðila fer eftir eftirspurn og árferði. Viðvera verður á öllum þéttbýlisstöðum á svæðinu skv. birtri stundaskrá. Þá hefur atvinnuráðgjöfin aðstoðu hjá Coworking nýsköpunarsetri á Kranesi og verður unnið að því að efla starfsemina þar. Atvinnuráðgjöfin sinnir ýmsum verkefnum tengdum Sóknaráætlun Vesturlands og Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Á árinu 2019 mun atvinnuráðgjöfin leggja áherslu á að vinna að þeim verkefnum sem skilgreind eru í nýjum samningi við Byggðastofnun. Þetta verður gert með eftirfarandi hætti:

- Starfsemi atvinnuráðgjafar SSV verði sýnilegri og aðgengi að ráðgjöfum verði bætt með því að nýta heimasíðu SSV og facebook til að kynna starfsemi atvinnuráðgjafar SSV, auk þess sem upplýsingar um starfsemi og viðveru atvinnuráðgjafa verði aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaga.
- Að kynna mikilvægi nýsköpunar með því að standa fyrir nýsköpunardegi Vesturlands eins og gert hefur verið undanfarin tvö ár.
- Að vera í forsvari fyrir sameiginlega fyrirtækjakönnun á landsbyggðunum sem unnin verður 2019.
- Að standa fyrir ýmsum rannsóknum og útgáfu á fræðsluefni um Vesturland.

Útgáfuáætlun fyrir árið 2019:

- Fyrirtækjakönnun SSV 2019
- Íbúakönnun, allir landshlutar
- Stærðarhagkvæmni í rekstri sveitarfélaga-sértekjur
- Hagvísir Vesturlands: Unga fólkíð og Vesturland
- Hagvísir Vesturlands: Fasteignamarkaður á Vesturlandi, seinni hluti.
- Skemmtileg tölfræði: áframhaldandi þróun á tölfræði á heimasíðu SSV

Menningarmál

Þegar Menningarráð Vesturlands var lagt niður í árslok 2013 tók SSV yfir verkefni þess. Menningarfulltrúi SSV hefur umsjón með verkefnum á vegum SSV sem tengjast menningarmálum. Leiðarljós við þá vinnu er Menningarstefna

Vesturlands sem samþykkt var árið 2016. Stefnan er leiðarljós um menningarstarf og er ætlað að styrkja samstarf um menningarmál og standa vörð um menningararfinn á Vesturlandi. Menningarstefnunni er einnig ætlað mynda grunn fyrir ákvarðanatöku SSV í menningarmálum þ.m.t. við úthlutun verkefnastyrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Þar eru mótaðar helstu áherslur í menningarmálum á Vesturlandi í heild, en einstökum svæðum eða sveitarfélögum er ætlað að móta sína eigin menningarstefnu með staðbundnum útfærslum. Einnig er lögð áhersla á að Sveitarfélög á Vesturlandi hafi það að leiðarljósi að sameiginleg verkefni efla fjölbreytileikann og gott samstarf til framtíðar.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands og veitir styrki til menningarstarfs í landshlutanum. Menningarfulltrúi starfar með uppbyggingarsjóðnum, en hann veitir umsækjendum um menningarstyrki upplýsingar og ráðgjöf, hann vinnur með fagráði að tillögu um úthlutun menningarstyrkja úr sjóðnum og heldur utan um samskipti við styrkþega sjóðsins. Til viðbótar við verkefni uppbyggingarsjóðs vinnur menningarfulltrúi að ýmsum samstarfsverkefnum og ráðgjöf.

Á árinu 2019 verður lögð áhersla á eftirfarandi aðgerðir sem allar eru tilgreinar í Menningarstefnu Vesturlands:

- Barnamenningarhátíð verði haldin í samstarfi við Snorrastofu í Reykholti.
- Unnin verið úttekt á því hverjir séu kostir og gallar þess að Tónlistarskólarnir taka að sér fjölþættari kennslu listgreina, t.d. myndlist og leiklist.
- Þróun sameiginlegs gagnagrunns yfir mannauð í menningu á listum á Vesturlandi
- Að veita nýsköpunarverðlaun lista og menningarverkefna á Vesturlandi

Málefni fatlaðra

Í samþykktum fyrir Þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða kemur fram að stjórn SSV ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnnum á Vesturlandi. Raunverulega hefur það hins vegar verið svo að framkvæmdin samningsins er í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna; félagsþjónustu Akraneskaupstaðar, félagsþjónustu Borgarbyggðar og félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Samhæfing þjónustusvæðisins er í höndum þjónusturáðs sem skipað er forstöðumönnum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu. Hlutverk þjónusturáðsins er að;

- Vinna tillögur um starfsreglur, stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar SSV.
- Skipta framkvæmd stærri verkefna á milli félagsþjónustusvæða og þjónustusvæðis Vesturlands.
- Hafa virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Þjónusturáðið kemur saman til fundar 3 til 4 sinnum á ári. Ráðið hefur unnið tillögu að úthlutun fjármagns til félagsþjónustusvæðanna með hliðsjón af vinnureglum þar um sem samþykktar voru af stjórn SSV árið 2013.

Hlutverk skrifstofu SSV varðandi málefni fatlaðra hefur því verið að halda utan um fjármál þjónustusvæðisins. Það felst fyrst og fremst í því að taka við fjárveitingum frá Jöfnunarsjóði og innheimta hluta útsvars hjá sveitarfélögnum á Vesturlandi, auk þess sem skrifstofa SSV sér um að greiða framlög til félagsþjónustusvæðanna. Þá á skrifstofa SSV í ýmsum samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga, Jöfnunarsjóð, ráðuneyti og aðra þá sem tengjast rekstri á þessu stóra verkefni.

Í árslok 2015 gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag um auknar fjárveitingar til málefna fatlaðra eftir að hafa yfirfarið forsendur á flutningi verkefnisins frá ríki til sveitarfélaga. Samningur sveitarfélaga á Vesturlandi um þjónustusvæði Vesturlands tók mið af fyrirhugaðri endurskoðun og rann því út í árslok 2014. Í kjölfarið hófst vinna við endurskoðun samningsins. Fljótlega var ljóst að skiptar skoðanir voru framhald samstarfsins og því ákveðið að hinkra eftir nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar eða flest benti til þess að ákvæði um lágmarksfjölda

íbúa á baki við hvert samstarfssvæði yrði breytt. Nú er búið að samþykkja ný lög sem taka gildi 1. október 2018 og þar hefur ákvæði um lágmarksfjölda íbúa verið felld niður. Nú liggur fyrir tillaga um að skipa nefnd að nýju til að endurskoða samstarfið.

Helstu áherslur á árinu 2019

- Ljúka vinnu við endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra.

Almenningssamgöngur

Á árinu 2011 gerði Vegagerðin samning við SSV um að samtökin tækju yfir skipulag og rekstur almenningssamgangna á milli sveitarfélaga á Vesturlandi. Í samráði við

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Eyþing tók SSV að sér til viðbótar að halda utan um almenningssamgöngur á milli Reykjavíkur og Akureyrar og Búðardals og Hólmavíkur. Árið 2012 var gerður þjónustusamningur við Strætó bs. um að fyrirtækið myndi taka að sér ákveðna þjónustu fyrir SSV. Í þessari þjónustu felst eftirfarandi: ráðgjöf og umsýsla með samskiptum við verktaka sem sjá um aksturinn og samninga við þá, upplýsingagjöf til notenda þjónustunnar, aðgengi að vögnum í leiðarkerfi Strætó bs., ráðgjöf við skipulagningu á akstri og leiðakerfum.

Á Vesturlandi hafa verið fimm akstursleiðir frá hausti 2012:

- Leið 57 Reykjavík-Akranes- Borgarnes- Akureyri
- Leið 58 Borgarnes-Stykkishólmur
- Leið 59 Borgarnes-Búðardalur/Hólmavík
- Leið 81 Borgarnes-Hvanneyri-Baulan-Borgarnes
- Leið 82 Hellissandur-vegamót við Vatnaleið (sumarakstur að Arnarstapa)

Minniháttar breytingar hafa verið gerðar á akstursleiðum frá ársbyrjun 2013 og þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa miðast að því að auka hagræði í rekstrinum og draga úr akstri þar sem lítil notkun hefur verið. Yfir sumartímamann hefur akstur verið aukinn til þess að ná til þess hóps ferðamanna sem nýtir sér almenningssamgöngur.

Farið var að keyra eftir nýju skipulagi haustið 2012 og varð umtalsvert tap á rekstrinum fyrstu mánuðina. Hins vegar var reksturinn í jafnvægi árin 2013, 2014, 2015 og 2016. Árið 2017 var tap á rekstrinum og stefnir í að svo verið einnig árið 2018.

Á árinu 2017 var rekstur almenningssamgangna færður í sérstakt félag, NVB ehf og eru SSV, SSVN og Fjórðungssamband Vestfirðinga eigendur félagsins. SSV fer með framkvæmdastjórn fyrir félagið. Eftir sem áður er SSV samningsaðili við Vegagerðina og ber ábyrgð á rekstrinum á Vesturlandi. Ný lög tóku gildi um fólksflutninga á landi vorið 2017 og eiga þau að styrkja frekar sérleyfi landshlutasamtaka á ákveðnum akstursleiðum.

Samningur SSV við Vegagerðina um rekstur almenningssamgangna á milli sveitarfélaga á Vesturlandi rennur út árið 2018. Í nokkurn tíma hafa staðið yfir viðræður um framhald verkefnisins en ekki liggur fyrir niðurstaða um framhaldið þar sem landshlutasamtökin hafa krafist hærri fjárveitinga.

Sorpurðun Vesturlands

Sorpurðun Vesturlands er hlutafélag í eigu sveitarfélaganna á Vesturlandi. Sérstök stjórn sem skipuð er fulltrúum sveitarfélaganna á Vesturlandi stýrir Sorpurðun því hefur stjórn SSV ekki aðkomu að stjórnun fyrirtækisins. Fyrirtækið á jörðina Fíflholt á Mýrum þar sem rekinn er urðunarstaður. Sorpurðun Vesturlands er með samning við SSV um að samtökin haldi utan um daglegan rekstur fyrirtækisins.

Því verður ekki farið frekar inn á starfsemi Sorpurðunar Vesturlands í þessari starfsáætlun þar eða stjórn SSV stýrir ekki rekstri fyrirtækisins.

Vesturlandsstofa (Markaðsstofa Vesturlands)

Vesturlandsstofa hefur í meginráttum tvíþætt hlutverk, annars vegar að starfrækja Markaðsstofu Vesturlands og hefðbundin verkefni hennar og hins vegar að reka upplýsingamiðstöð í Borgarnesi. Fjölgun heimsókna í miðstöðina hefur verið í samræmi við fjölgun ferðamanna til Íslands. Hlutverk Vesturlandsstofu er að samþætting markaðs- og kynningarstarfs á Vesturlandi, þannig að markaðssetning landshlutans sé unnin á einum stað í samstarfi ferðapjónustuaðila, sveitarfélaga, klasa og samtaka innan svæðisins. Markmið stofunnar er að styrkja ímynd Vesturlands og kynna svæðið sem ákjósanlegan áfangastað fyrir ferðamenn.

Meðal verkefna Markaðsstofu Vesturlands er umsjón og útgáfa á sameiginlegu kynningarefni, bæklingum, vefsíðum, samfélagsmiðlum, skipulagningu sýninga, fjölmiðlatengsl og önnur verkefni sem styðja og efla ferðapjónustu og svæðinu sem og að styrkja ímynd þess. Starfsáætlun Vesturlandsstofu fyrir árið 2019 byggir á vinnu undanfarinna ára, auk þess að verkefni ársins mótast af vinnu við áfangastaðaáætlun Vesturlands (DMP) og þeim verkefnum sem samþykkt voru úr verkefnasjóði Ferðamálastofu.

Samstarf er Vesturlandsstofu mikilvægt í allri þeirri vinnu sem fram fer í kynningar- og markaðsstarfi fyrir ferðapjónustuna á svæðinu. Markaðsstofan hefur starfað náið með sveitarfélögum og hagsmunaaðilum að því að byggja upp innviði fyrir ferðamenn og fyrirtæki sem gera út á náttúruperlurnar í landshlutunum. Markaðsstofur Landshlutana vinna náið saman að hagsmunum landshlutana. Haldnir eru tveir sameiginlegir viðburðir ferðasýningin Mannamót og ráðstefna með fókusi á málefni landsbyggðarinnar. Vesturlandsstofa hefur svo einnig átt gott samstarf við Íslandsstofu þegar kemur að umfjöllun og markaðssetningu.

Stærsta verkefnið í ferðapjónustu á Vesturlandi árið 2017-2018 var áfangastaðaáætlun DMP eða Áfangastaðaáætlun Vesturlands (ÁFÁ Vest). Verkefnið var fjármagnað og í eigu Ferðamálastofu. Vesturlandsstofa hefur samið við SSV um að Margrét Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafi verði verkefnastjóri yfir þeim fjórum verkefnum sem sótt voru í og samþykkt úr verkefnasjóði Ferðamálastofu og byggjast á ÁFÁ Vest og verða unnin á árunum 2018-2020.

Þau verkefni eru:

1. Göngu-, reið- og hjólaleiðir
2. Heildrænt skipulag áfanga- og áningastaða
3. Menningar- og sögutengd ferðapjónusta
4. Hæglætisferðamennska í Dölum

Helstu áherslur á árinu 2019:

Vefurinn; www.west.is / westiceland.is

Vesturlandsstofa hefur lagt mikla áherslu á að heimasíða Visit West Iceland sé uppfærð reglulega og vefurinn sé nýttur markvisst til þess að markaðssetja Vesturland sem áfangastað ásamt því að viðburðadagatal vefsins er uppfært reglulega. Um 2.000 manns nýta sér vefinn daglega. Vefurinn er á tveimur tungumálum (íslensku og ensku)

en einnig skráning á vinsælasta ferðapjónustuvef Íslands, www.inspiredbyiceland.com, þar sem sameiginlegur gagnagrunnur er nýttur með Ferðamálastofu og Íslandsstofu.

Samfélagsmiðlar

Vesturlandsstofa er með aðgang að helstu samfélagsmiðlum. Stefnt er að því að auka sýnileika, fjölga fylgjendum og auka virkni. Eftirfarandi samfélagsmiðlar eru virkir í nafni Markaðsstofu Vesturlands / Visit West Iceland og eru í umsjá verkefnastjóra. Nýjung ársins 2018 var Snapchat þar sem samstarfsaðilar Markaðsstofunnar fá aðgang að miðlinum í þrjá daga í senn og gefur bæði heimamönnum sem og gestum innsýn í það sterka og spennandi starf sem unnið er í ferðapjónustu á Vesturlandi. Viðburðasiða Vesturlands á Facebook fór í endurnýjun lífdaga á árinu 2018 og er viðburður um allt Vesturland deilt á þeirri síðu við góðar undirtektir.

- Facebook / vesturland.mittsvaedi
- Facebook / westiceland
- Twitter / westiceland
- Instagram / westiceland

nýtt á árinu 2018

- *Snapchat / westiceland*
- *Facebook / westicelandevents*

Útgáfumál

Ferðahandbók um Vesturland er gefin út ár hvert og var gefin út í samstarfi við Skessuhorn á árinu 2018 og dreift á alla helstu staði á Vesturlandi og upplýsingarmiðstöðvar um allt land. Prentuð hafa verið 130.000 borðkort sem dreift er um allt Vesturland og á helstu upplýsingamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Mikil ánægja er með þessi kort og standa auglýsingar undir kostnaði. Því munum við halda áfram útgáfu þeirra. Sú nýjung að gefa út tvö ítarleg kort um Vesturlandið árið 2018, eitt fyrir Borgarfjörð, Hvalfjörð og Akranes og annað fyrir Snæfellsnes og Dali, féll í góðan jarðveg og verður því haldið áfram. Kortin hafa verið prentuð í 90.000 eintökum samtals.

Kynningarmál og auglýsingar

Fjöldmörg tímarit og fréttamiðlar leita til Vesturlandsstofu með greinaskrif, texta, myndir og upplýsingar um viðburði. Búast má við að þessi þáttur muni aukast frekar næstu árin. Markaðsstofan skipuleggur ferðaheildsala- og blaðamannaferðir um landshlutann á hverju ári þar sem kynnt er það sem er í boði í afþreyingu, veitingum og gistingu í landshlutanum í samvinnu við samstarfsaðila. Fjöldmargir blaðamenn sóttu svæðið heim á árinu 2018 og munum við áfram leitast við að finna rétta miðla til að koma á Vesturland og fjalla um svæðið.

Heimsóknir til ferðapjónustuaðila

Lögð er áhersla á persónuleg tengsl við ferðapjónustuaðila á svæðinu og unnið að því að eiga reglulega fundi með samstarfsaðilum og hagaðilum til þess að kynna verkefni ferðapjónustunnar innan svæðis og til þess að eiga samtöl við ferðapjónustuaðila og málefni er varðar greinina. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á að kynna starfsemi Markaðsstofunnar, innra starf hennar eflt sem og fjölgun samstarfsaðila.

Lokaorð

Árið 2019 verður tímamótaár hjá SSV, en í desember verða liðin 50 ár frá stofnun samtakanna. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá stofnunni og margt breyst í umhverfi og starfsemi. Þessara tímamóta verður minnst með því að líta yfir farin veg, jafnframt því að horfa til framtíðar.

Verkefni SSV eru fjölbreytt og af ýmsum toga enda hlutverkið margbætt. Það er mikilvægt að SSV nái að veita sveitarfélögunum, atvinnulífi og íbúum á Vesturlandi þá þjónustu sem lög, samþykktir og samningar kveða á um. Í starfi sínu þarf SSV að vera vakandi, sjá fyrir breytingar í samfélaginu og vera tilbúið til að laga starf sitt að breyttum aðstæðum. Því er mikilvægt að nýta þau tækifæri sem gefast til að taka þátt í því áhugaverða verkefni sem er að efla mannlíf á Vesturlandi og gera landshlutann betur í stakk búinn til að takast á við margbreytileika umhverfisins. Til þess að þetta gangi eftir þarf SSV að hafa skýra sýn á hlutverk sitt og það er von stjórnar og starfsfólks að sú starfsáætlun sem hér er lögð fram sé spor í þá átt að skerpa sýn SSV.

➤ Samgöngumál og fjarskipti – samþykkt ályktun

Haustþing SSV haldið á Bifröst, 20. september 2018 leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál sem byggja m.a. á einróma samþykkttri Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029:

Vegamál

Tvöföldun vegar á Kjalarnesi er óhjákvæmileg framkvæmd vegna aukinnar umferðar og öryggis vegfarenda m.a. vegna fjölgunar ferðamanna. Samkvæmt vegáætlun átti verkefnið að hefjast árið 2018 og var nauðsynlegt að svo yrði. Þá var einnig mikilvægt að hefja undirbúning að veglínu og framkvæmdaáætlun um endurbætur á Þjóðvegi 1 um Hvalfjarðarsveit í Borgarnes þegar árið 2017. Því skorar Haustþing SSV 2018 á stjórnvöld að hefja þegar í stað vinnu við tvöföldun vegar frá Reykjavík í Borgarnes og að framkvæmdum verði lokið á næstu átta árum.

Haustþing SSV skorar á Vegagerðina og Reykjavíkurborg að hefja án tafar undirbúning að lagningu Sundabrautar, sem bætir umferð til og frá höfuðborginni og eykur umferðar- og almannaöryggi. Því fyrr sem raunhæfur undirbúningur verkefnisins hefst eru líkur á að framkvæmdir geti farið af stað innan fárra ára.

Samhliða þessu eru ljóst að fara þarf í tvöföldun Hvalfjarðarganga á næstu árum ef og þegar hámarki umferðar um göngin skv. reglugerð verður náð. Ríkissjóður verður tímanlega að hafa frumkvæði að nauðsynlegum undirbúningi og framkvæmd.

Afar brýnt er að framkvæmdum við veginn um Fróðárheiði ljúki hið fyrsta og hefðu átt að ljúka á árinu 2018 og framkvæmdum við veginn um Uxahryggi verði haldið áfram og þær klárast eigi síðar en árið 2020. Vinna við þessa vegi hefur staðið yfir í mörg undanfarin ár og þeim verður að ljúka sem fyrst.

Mikilvægt er að Vegagerðin geri sérstaka úttekt á tengivegum á Vesturlandi og forgangsraði framkvæmdum m.t.t. umferðar og mikilvægis. Verkefnið verði unnið í samvinnu við SSV. Áhersla verði lögð á að bundið slitlag verði komið á alla tengivegi í byggð fyrir 2029. Þá er lagt til að teknar verði upp viðræður við sveitarstjórn Borgarbyggðar um endurskoðun á nýtingu áætlaðs fjármagns til endurbóta á Þjóðvegi 1 um Borgarnes.

Árið 2017 voru smávægilegar lagfæringar gerðar á veginum um Skógarströnd. Mikilvægt er að hönnun endurbóta hans og gerð tímasettrar verkáætlunar framkvæmda liggi fyrir sem fyrst. Þá er nauðsynlegt að hefja framkvæmdir við lagningu slitlags þar sem undirbyggingu er lokið.

Nú þegar þarf að hefjast handa við að tvöfalda einbreiðar brýr á Vestfjarðavegi í Dalabyggð til að tryggja umferðaröryggi.

Ljóst er, að gera þarf nauðsynlegar öryggisúrbætur á gatnamótum tengivega og Þjóðvegur 1 og þeim lokið eigi síðar en árið 2020. Þá er mikilvægt að fjölga útskotum á fjölförnum vegum, tryggja að góðar girðingar séu meðfram vegum og ráðast í öryggisaðgerðir á stöðum þar sem stórviðri eru algeng.

Skýrsla starfshóps um fjármögnun framkvæmda við helstu stofnleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu hefur örvað umræðuna um nýjar leiðir til að flýta vegaf framkvæmdum en eftir stendur að taka ákvörðun um framhaldið. Haustþing SSV leggur til að skoðaðar verði leiðir þar sem veggjaldi er komið á til að flýta uppbyggingu á stofnleiðum á Vesturlandi sem ekki eru inni á langtímaáætlun ríkissjóðs. Gjaldtöku skal hins vegar stillt í hóf gagnvart þeim sem eru reglulega á förum þar sem veggjald er lagt á og komið til móts við þá sem sækja atvinnu eða nám og þurfa að nýta viðkomandi mannvirki.

Vakin er athygli á þeirri nauðsyn að Geldingadragavegi sé haldið opnum á veturnum þar sem sú leið er hjáleik þegar slæm veður eru á Þjóðvegi 1 undir Hafnarfjalli.

Loks felur Haustþing SSV stjórn samtakanna að standa fyrir ráðstefnu árið 2019 um það hvernig greiðar samgöngur innan Reykjavíkur hafi áhrif á ferðavenjur og öryggi íbúa á Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu.

Hafnamál

Mikilvægt er að samgönguáætlun geri ráð fyrir framlagi til þeirra verkefna í hafnamálum sem eru áætluð á næstu árum á Vesturlandi. Þar eru m.a. verkefni í höfnum Snæfellsbæjar, í Grundarfirði og í Stykkishólmi.

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við landfyllingu og breikkun aðal hafnargarðs á Akranesi og nauðsynlegt er að samgönguyfirvöld komi að því verkefni til þess að efla aftur stöðu fiskvinnslu og útgerðar frá Akranesi.

Skarðsstöð í Dalabyggð gegnir hlutverki fyrir smábáta og nauðsynlegt að endurbæta aðstöðu þar.

Þá er lögð áhersla á að haldið verði áfram af krafti við úrlausn verkefna á sviði sjóvarna á Vesturlandi.

Flugvellir

Mikilvægt er að gert verði ráð fyrir viðhaldi á þeim lendingarstöðum sem eru á Vesturlandi.

Endurbæta verður slitlag á Stóra Kroppi.

Mikilvægt er að lendingarstaðurinn á Rifi verði endurbættur þannig að hann geti gengt hlutverki sínu í neyðartilfellum. Lögð er rík áhersla á að þylrum verði áfram tryggt eldsneyti á flugvöllum á Rifi, enda gegnir flugvöllurinn mikilvægu öryggishlutverki í því efni.

Fjarskiptamál

Nauðsynlegar framkvæmdir við ljósleiðaratengingu á Vesturlandi nema um 1,0 milljarði. Í áætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að verkefni samkvæmt þingsályktun ljúki árið 2020. Það er stefna sveitarfélaga á Vesturlandi að á árunum, 2018, 2019 og 2020 fái nægjanlegt fjármagn til að ljúka verkefninu á Vesturlandi árið 2020. Hugað verði sérstaklega að stöðu í hinum dreifðari byggðum landshlutans eins og t.a.m. í hinum víðfeðmu sveitarfélögum Borgarbyggð og Dalabyggð.

Nauðsynlegt er að ráðin verði bót á lélegu farsímasambandi á afmörkuðum svæðum við þjóðveg 1, í dreifbýli og á vinsælum útivistarsvæðum á Vesturlandi af öryggisástæðum.

Vesturland er ákjósanlegur staður fyrir tengingu á háhraðafjarskiptastreng við útlönd enda utan skilgreindra hamfarasvæða. Í því felast miklir möguleikar í uppbyggingu gagnavera og gagnavinnslu á Vesturlandi.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru mjög mikilvægar fyrir Vesturland en rekstur þeirra hefur gengið mjög erfiðlega á undanförunum árum og ljóst að verkefnið er vanfjármagnað. Samningur SSV við Vegagerðina um umsjón með almenningssamgöngum á Vesturlandi rennur út í árslok 2018. Mikilvægt er að ljúka viðræðum við Vegagerðina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um forsendur og fjárveitingar til þessa verkefnis.

Raforkumál

Haustþing SSV leggur áherslu á að lokið verði við að leggja þriggja fasa rafmagn í hinum dreifðu byggðum á Vesturlandi fyrir árslok 2022. Einnig að forgangsroðun á lagningu þriggja fasa rafmagns verði unnin í samstarfi við SSV og nýtt verði öll möguleg samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðara til að klára verkefnið.

➤ Atvinnu- og umhverfismál – samþykkt ályktun

Ferðabjónusta

Ferðabjónusta hefur vaxið gríðarlega á Vesturlandi síðustu ár og áframhaldandi vexti er spáð næstu árin. Margt hefur áunnist, en mikið vantar á að grunngerð og innviðir séu til staðar eða nógu öflugir til að taka á móti auknu álagi og ber að þakka aukningu fjármagns til uppbyggingar ferðamannastaða á Vesturlandi. Sú staða sem komin er upp reynir mjög á þolrif heimamanna sem og þolmörk innviða s.s. vegakerfis, heilbrigðisþjónustu, löggæslu, áningarstaða, náttúruperla o.fl. Auk þess vantar enn skýra stefnumótun, regluverk, stýringu og landvörslu sem tekur mið af þeim fjölda ferðamanna sem nú sækja landið heim.

Haustþing SSV fagnar verkefnum um stefnumótun áfangastaða sem unnin eru í samstarfi við sveitarfélögin s.s. Landsáætlun og Áfangastaðaáætlun Vesturlands. Haustþingið telur brýnt að staðið verði við markmið laga landsáætlunar um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og fjármagn verði tryggt til þess. Jafnframt verði tryggt fjármagn og/eða leiðir skapaðar til að fjármagna uppbyggingu innviða, upplýsingagjöf og landvörslu sem nauðsynlegt er að sé til staðar ef vel á að vera. Haustþingið telur jafnframt ástæðu til að árétta að skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaganna og því mikilvægt að öll verkefni sem lúta að stefnumótun og skipulagi landssvæða séu unnin í samstarfi við og með samþykki sveitarfélaganna.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur stóru hlutverki að gegna varðandi verndun náttúru- og menningarminja auk þekkingarmiðlunar og þjónustu við ferðamenn sem sækja Vesturland heim. Haustþing SSV lýsir yfir mikilli ánægju og stuðningi við áform um skipulagsbreytingar á þjóðgörðum með stofnun Þjóðgarðastofnunar.

Haustþing SSV hvetur til þess að farið verði vel yfir hvar og hvernig verði staðið að gjaldtöku af bílastæðum, ferðabílum og öðrum slíkum hlutum á Vesturlandi og tillögum þar um komið inn í áfangastaðaáætlun. Lagt er til að SSV hafi forgöngu um að móta heildstæða stefnu um þessi mál fyrir svæðið.

Haustþing SSV telur mjög aðkallandi að skilgreina og auka hlut sveitarfélaga í tekjustofnum hins opinbera vegna ferðabjónustu.

Sjávarútvegur

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og stórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir sem eru undirstöðu atvinnuvegur þeirra byggða. Auk þess sem nýsköpun og vörupróun vex og dafnar við hlið öflugs sjávarútvegs.

Haustþing SSV beinir því til ráðamanna að skapa sátt og stöðugleika um sjávarútveginn, hann byggi á sjálfbærri nýtingu og stuðlað verði að áframhaldandi framþróun og starfsemi öflugs sjávarútvegs í sjávarbyggðum landsins.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegsins þannig að atvinnuvegurinn geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni og eflist samfélaginu öllu til hagsbóta.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af íþyngjandi veiðigjöldum, sérstaklega fyrir minni útgerðir. Ljóst er að hröð samþjöppun á sér stað í atvinnugreininni og hættan er sú ef þessi þróun heldur áfram, að þessi grunnstoð atvinnulífs á Snæfellsnesi mun eiga erfitt uppdráttar verði ekki breyting á núverandi fyrirkomulagi veiðigjalda. Ennfremur lýsir haustþing yfir áhyggjum af þróun sjávarútvegs á Vesturlandi

Mikilvægt er að Hafrannsóknarstofnun rannsaki lífmassa Breiðafjarðar og Faxaflóa um nýtingarmöguleika hafsins á öllum sviðum.

Landbúnaður

Á Vesturlandi eru landbúnaðarhéruð og svæði sem byggja á hefðbundnum fjölskyldubúskap á litlum og stórum búum, þá eru úrvinnslustöð í landbúnaði meðal stærstu vinnuveitenda í Dalabyggð og mikilvægt er að standa vörð um starfsemi þess. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu og sölu beint frá býli og mikilvægt er að hlúa vel að þeim sprota.

Sitt sýnist hverjum um það landbúnaðarkerfi sem við búum við í dag og deilur um það í þjóðfélaginu hafa gert starfsumhverfi landbúnaðarins mjög erfitt fyrir. Það er því mjög mikilvægt fyrir landsbyggðirnar að sátt náist um íslenskan landbúnað, þar sem landbúnaður er víða forsenda þess að byggð haldist í sveitum landsins. Landbúnaður og matvælaframleiðsla styður einnig við vöruþróun vegna ferðaþjónustu og er byggðafesta fyrir ýmsa byggðakjarna í dreifbýli.

Haustþing SSV lýsir yfir miklum áhyggjum á mjög erfiðri stöðu sauðfjárræktar og bendir á að sauðfjárrækt er grunn atvinnuvegur á hluta Vesturlands, má í því sambandi nefna Dalabyggð sem er svæði sem hefur verið í byggða þróunarlegri vörn, og búið við stöðuga fækkun íbúa um langt árabíl. Haustþing SSV leggur á það áherslu að í aðgerðum stjórnvalda verði hugað að erfiðri stöðu þeirra svæða sem eiga afkomu sína að stórum hluta undir sauðfjárrækt og úrræði hafi það markmið að verja þau svæði sem byggja afkomu sína á sauðfjárrækt. Mikilvægt er að gripið verði til aðgerða strax til að forða frekari og fyrirsjáanlegri byggðaröskun verði ekkert aðhafst t.d. með því að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar og nýtingu afurða.

Grunninnviðir

Á sama tíma og miklir erfiðleikar steðja að sauðfjárrækt, blasir það við að erfitt er að nýta tækifæri á öðrum sviðum atvinnulífs í dreifðum byggðum á Vesturlandi, vegna þess að lagning 3ja fasa rafmagns er allt of stutt á veg komin og trygg rafmagns afhending er ekki til staðar. Skorað er á stjórnvöld að gerð verði áætlun og átak í styrkingu og nútímavæðingu dreifkerfis raforku á Vesturlandi. Styrking dreifikerfisins er forsenda uppbyggingar á fjölbreyttara atvinnulífi í dreifðum byggðum á Vesturlandi, t.d. ferðaþjónustu og nýtingu á nútímataækni í landbúnaði.

Haustþing SSV fagnar metnaðarfullum markmiðum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið settar fram í loftlagsmálum og kalla m.a. á rafbílavæðingu í landinu. Í ljósi þess er bent á mikilvægi þess að ríkið tryggi jafna dreifingu rafmagns í langinu og jafni kostnað.

Haustþing SSV lýsir yfir ánægju með það sem gert hefur verið í ljósleiðaravæðingu á svæðinu, en vekur jafnframt athygli á því að allt of hægt miði í ljósleiðaravæðingu á ákveðnum svæðum á Vesturlandi og þá helst þeim sem veikust eru. Nauðsynlegt er að gert verði áfram átak í ljósleiðaravæðingu á dreifbýlustu svæðum Vesturlands sem og hingað til.

Grundartangi

Atvinnusvæðið að Grundartanga er mikilvægt fyrir suðursvæði Vesturlands. Við áframhaldandi þróun svæðisins er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra tækifæra í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem nýta sér hafnarmannvirkin við Grundartanga. Aukið samstarf fyrirtækja og nýsköpun er megindrífkraftur framþróunar svæðisins til að gera það enn eftirsóknarverðara fyrir nýja starfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

Leiðandi fyrirtæki á svæðinu hafa á undanförunum árum lagt metnað sinn í að draga úr umhverfisáhrifum sínum t.d. með breytingu á lýsingu á svæðinu til að draga úr ljósmengun og uppsetningu búnaðar til að draga úr hljóðmengun frá starfseminni. Þá hefur verið unnið að því að draga úr rykmengun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Fyrirtækin vilja skapa sátt við umhverfi sitt og samfélag og vera ábyrg í sínum rekstri.

Þróunarfélag Grundartanga ehf. hefur látið vinna sviðsmyndagreiningu fyrir svæðið, sem síðan hefur verið nýtt til stefnumótunar fyrir svæðið. Framundan er vinna að gerð klasasamstarfs fyrirtækja og annarra hagaðila. Klasasamstarf leiðir af sér ávinning til aukinnar samkeppnishæfni, nýsköpunar og fjölbreyttari tækifæra á svæðinu.

Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að styrkja og tryggja enn frekar innviði atvinnusvæðisins á Grundartanga með tilliti til framboðs á raforku, vatns og ekki síst samgangna til og frá svæðinu og við höfuðborgarsvæðið, en það er ein mikilvægasta forsenda fyrir atvinnuuppbyggingu á Grundartanga.

Þekkingarsetur og menntastofnanir

Á Vesturlandi eru tveir háskólar, þrjár framhaldsskólar, símenntunarstöð og nokkur þekkingar- nýsköpunar- og rannsóknarsetur sem eru gríðarlega mikilvægar stoðir í grunngerð samfélagsins. Þessi starfsemi er mjög mikilvæg fyrir svæðið þar sem helstu sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu á næstu árum eru talin verða í þekkingariðnaði.

Framtíð þar sem gervigreind og þróuð vélmenni muni leysa af hólmi stóran hluta starfa er ekki langt undan og við megum engan tíma missa til að undirbúa nemendur. Mikilvægt er að menntastefna sem er í vinnslu stuðli að valdeflingu stjórnenda og kennara menntastofnana til að takast á við breyttan veruleika þar sem hópavinna og skapandi vinnubrögð eru notuð í kennslu. Þar sem ólíkar námsgreinar eru fléttaðar saman í úrlausn verkefna. Þar sem verkvit, listgreinar og bóknám nýtist við úrlausn verkefna og nemendur undirbúnir í að vera meistara í að takast á við breytingar og læra allt lífið.

Haustþing SSV leggur því áherslu á að starfsemi þessara eininga verði eflað og þeim tryggt rekstrarlegt sjálfstæði og fjárhagslegur rekstrargrundvöllur, enda hefur starfsemi þessara stofnanna haft jákvæð mælanleg áhrif á þekkingarstig á Vesturlandi.

Verkefni til eflingar svæða

Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök á Vesturlandi, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Sem dæmi má nefna Svæðisgarðinn Snæfellsnes og Sögu, jarðvang í Borgarfirði.

Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum og hvetur stjórnvöld til að styðja við slíkt samstarf, sem miðar að því að samþætta vernd og nýtingu svæðisbundinna auðlinda.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarinn áratug. Haustþing SSV samþykkir að sveitarfélögin á vesturlandi munu leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau skulu beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar.

„Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þær fréttir frá VÍS að loka eigi öllum starfsstöðvum á Vesturlandi um næstu mánaðarmót. Þessi ákvörðun er óásættanleg fyrir viðskiptavinum og starfsfólki VÍS á svæðinu sem margir hverjir hafa verið í áratugi í viðskiptum og störfum við og fyrir félagið. Skorað er á sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu að bregðast við þessari ákvörðun VÍS með því að endurskoða viðskipti sín við fyrirtækið.“

➤ Opinber þjónusta – samþykkt ályktun

Opinber þjónusta - málefni sveitarfélaga og samskipti við ríkið

Opinber þjónusta sem veitt er af sveitarfélögum og ríki hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Ríkið er skuldbundið samkvæmt samningum til að fjármagna hluta af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin inna af hendi. Mikilvægt er að skerpa skil á því hvaða þjónusta tilheyrir hvoru stjórnsýslustigi. Nauðsynlegt er að viðeigandi tekjustofnar og fjármögnun þeirra þátta opinberrar þjónustu sem sveitarfélögin bera ábyrgð á, séu með þeim hætti að sveitarfélögin geti sinnt þjónustunni sem skyldi. Því skiptir miklu máli að kostnaðarmeta öll frumvörp, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir ríkisins sem hafa áhrif á verkefni og rekstur sveitarstjórnarstigsins. Á undanförunum

árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem ýmis verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án samráðs við þau eða að fullnægjandi fjármagn hafi fylgt þeim verkefnum.

Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi þess að samráð sé haft, raunhæft kostnaðarmat sé gert og nægt fjármagn fylgi verkefnum sem ríkið ætlar sveitarfélögunum að taka yfir og annast.

Málefni fatlaðra

Þrátt fyrir auknar fjárveitingar í kjölfar endurskoðunar á samningi um málefni fatlaðra eru sveitarfélög enn víða að greiða með þjónustu við fatlaða. Ekki er svigrúm til að efla þá þjónustu sem fötluðum er veitt í sveitarfélögunum né heldur að byggja upp þjónustu þar sem hún er ekki til staðar. Því er ljóst að enn skortir fjármagn til þess að sveitarfélög á Vesturlandi geti staðið undir þjónustu við fatlaða einstaklinga sem þar búa eins og þau vildu gera og kveðið er á um í lögum og reglugerðum varðandi þjónustu við fatlaða.

Haustþing SSV bendir á að þrátt fyrir að þjónustumat hafi verið gert, þá hefur raunhæft kostnaðarmat sem byggir á þjónustumatinu ekki verið gert. Því hafa fjárveitingar til sveitarfélaganna ekki tekið mið af þeirri þjónustupörf sem er til staðar á hverjum stað, en mikilvægt er að það sé tryggt.

Haustþing SSV lýsir ánægju sinni með samþykkt laga um NPA-þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. En leggur jafnframt áherslu á að stjórnvöld klári undirbúning málsins áður en að gildistöku laganna verður. Margt er enn óljóst varðandi innleiðingu þjónustunnar og fjármögnun. Sé vel á málum haldið, getur nauðsynlegum undirbúningi verið lokið um næstu áramót.

Haustþing SSV tekur því undir beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga til félags- og jafnréttismálaráðherra þess efnis að leitað sé eftir heimild Alþingis til þess að fresta gildistöku nýrra NPA-samninga til 1. janúar nk., enda liggja þá fyrir:

- Kostnaðarmetin reglugerð um framkvæmdina
- Reglur sveitarfélaga, settar að undangengnu samráði við samtök fatlaðs fólks
- Nauðsynlegar útgjaldaheimildir í fjárlögum 2019 og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga til þess að standa straum af þeim fjölda NPA-samninga sem ætlunin er að verði í gildi á árinu 2019

Haustþing SSV telur einnig afar brýnt að til verði sérstakur tekjustofn sem fjármagnar nauðsynlega uppbyggingu á þjónustu og aðstöðu fyrir fatlaða.

Haustþing SSV hvetur til þess að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga muni veita framlög til jöfnunar á nýbyggingum fyrir fatlað fólk með miklar og sértækar stuðningsþarfir.

Haustþing SSV hvetur til þess að unnið verði fljótt og vel að endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi með hliðsjón af nýjum lögum um þjónustu við fatlaða einstaklinga. Með nýjum lögum er búið að fella niður skilyrði um að 8000 íbúar standi að baki hverju þjónustuvæði. Ef núverandi fyrirkomulagi á samstarfinu á Vesturlandi verður breytt, þá er mikilvægt að áfram verði til samstarf á vetvangi SSV fyrir félagsþjónustur sveitarfélaganna á Vesturlandi að ráða ráðum sínum.

Heilbrigðisþjónusta og öldrunarmál

Góð heilbrigðisþjónusta er forsenda fyrir búsetu á Vesturlandi. Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að styrkja starfsemi og rekstrargrundvöll HVE og annarra heilbrigðis- og öldrunarstofnanna á Vesturlandi.

Vegna niðurskurðar og takmarkaðra fjárveitinga til tækjakaupa síðastliðin ár, er uppsöfnuð þörf á viðhaldi og endurnýjun búnaðar á heilbrigðisstofnunum Vesturlands orðin mjög aðkallandi. Mikilvægt er að örugg tæki og búnaður sé til staðar á sjúkrahúsunum og á heilsugæslustöðvum svo hægt sé að sinna þeirri þjónustu sem þar er veitt.

Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármagn til að endurnýja og efla tækjakost sjúkrahúsanna á Akranesi og í Stykkishólmi sem og á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Haustþing SSV hvetur einnig til þess að skoðað verði hvernig sjúkráhusin geti styrkt grundvöll sinn með sérhæfingu og sérverkefnum.

Heilsugæslustöðvar eru mjög mikilvægar í öllum byggðarlögum. Þær þurfa að vera í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stóru auknum fjölda ferðafólks og sumarhúsafólks sem sækja svæðið heim og þurfa á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda.

Haustþing SSV leggur áherslu á að efla starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi þannig að þær geti áfram sinnt starfsemi sinni. Því er mikilvægt að tryggður verði stöðugleiki og samfella í viðveru lækna og menntaðs heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Geðheilbrigðismál hafa lengi setið á hakanum svo mikilla úrbóta og eflingar er þörf á því sviði.

Haustþing SSV fagnar því skýrslu Landlæknisembættisins um stöðugreiningu og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum barna og unglunga. Sem og samþykktu aðgerðaráætlun starfshóps um sjálfsvígsforvarnir. Í þessari áætlun eru settar fram um 50 aðgerðir sem taka mið af æviskeiðinu í heild. Ýmsar aðgerðir í þessari áætlun varða málefni sveitarstjórnarstigsins beint eða óbeint s.s. félagsþjónustu, skólamál, aukna þverfaglega samvinnu og snemmtæka íhlutun.

Haustþing SSV leggur því mikla áherslu á að framkvæmd umræddrar aðgerðaráætlunar varðandi geðheilbrigðismál verði unnin í góðu samstarfi við sveitarfélögin og þeim aðgerðum fylgi jafnframt fjármagn frá ríkisvaldinu til að hægt verði að koma þeim aðgerðum í framkvæmd.

Haustþing SSV fagnar því að sálfræðingar eru nú starfandi hjá HVE og hvetja til þess að sú þjónusta verði aukin og efl.

Rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila er erfitt og sveitarfélög þurfa oft að koma beint að rekstri heimilanna þó málaflokkurinn sé alfarið á ábyrgð ríkisvaldsins. Rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu heimilanna rennur út í árslok 2018. Viðræður um endurnýjun og endurskoðun þess samnings eru nýhafnar.

Haustþing SSV skorar á yfirvöld að tryggja rekstur heimilanna samkvæmt því sem lög gera ráð fyrir, og hugað verði að aðbúnaði og fjölgun rýma á þeim svæðum þar sem þörf er.

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga eiga íbúar á hjúkrunar- og dvalarheimilum að taka þátt í dvalarkostnaði sínum og sá háttur hefur verið hafður á að hjúkrunarheimilunum hefur verið gert að innheimta umrædda kostnaðarhlutdeild af heimilisfólki sínu.

Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta þessu innheimtuhlutverki af dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Velferðarstefna Vesturlands

Haustþing SSV fagnar því að hafin sé vinna við gerð velferðarstefnu Vesturlands og tekur undir þau markmið sem sett voru við gerð stefnunnar:

- Að stefnan verði leiðarljós fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðra þá sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.
- Að stefnan stuðli að því að þjónusta við íbúa verði efl.
- Að stefnan stuðli að auknu samstarfi og samráði þeirra aðila sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.
- Að stefnan nýtist sem verkfæri í samskiptum heimaaðila og stjórnvalda varðandi uppbyggingu þjónustu og fjármögnun hennar.

Mikilvægt er að sveitarfélögin á Vesturlandi fái stefnuna til umsagnar og vinnu við hana verði lokið fyrir áramót.

Félags- og húsnæðismál

Á Vesturlandi er víða húsnæðisskortur, þá aðallega hvað varðar gott og tryggt leiguhúsnæði en einnig hefur víða verið skortur á íbúðahúsnæði almennt. Lög um húsnæðismál auðvelda byggingu leiguhúsnæðis, en taka ekki nægilega vel á þeim markaðsbresti sem er fyrir hendi á fasteignamarkaði þar sem nýbyggingarkostnaður er langt umfram markaðsverð á fasteignum.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að beyta sér fyrir aðgerðum sem stuðla að auknu jafnvægi og öryggi á húsnæðismarkaði.

Húsnæðisstuðningur við leigjendur er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Verkaskiptingin er þannig að ríkið veitir grunnstuðning í gegnum húsnæðisbætur, en sveitarfélög bæta við stuðninginn ef félagslegar aðstæður eru erfiðar.

Haustþing SSV leggur áherslu á að tryggð verði samræming í þessum stuðningi.

Framhalds- og háskólar

Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem gegna lykilhlutverki við uppbyggingu búsetu á svæðinu. Mikilvægt er að menntastofnanir á Vesturlandi haldi sjálfstæði sínu, en leitað verði leiða til að auka samstarf þeirra á milli til að nýta betur mannauð og opinbert fjármagn.

Haustþing SSV hvetur til þess að ríkið móti sér heildræna stefnu í uppbyggingu háskólastigsins og vinni það í samstarfi við hagaðila.

Haustþing SSV leggur áherslu á að ríkið ráðist í endurskoðun á fyrirkomulagi iðnnáms og starfstengdrar menntunar í landinu með það að leiðarljósi að efla iðnnám og gera það eftirsóknarverðara. Mikilvægt er að tryggja verknámsskólum aðstöðu og fjármagn til að geta sinnt kennslu í verknámsgreinum, þar sem mikil eftirspurn er eftir iðnmenntuðu fólki á vinnumarkaði.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi hafi nægt fjármagn til að geta sinnt því mikilvæga starfi sem þær gegna og þeim er ætlað.

Löggæsla og sýslumenn

Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands og dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa, auk mikillar fjölgunar ferðamanna á Vesturlandi, kallar allt á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Ástand vega og aukin umferð ferðamanna kallar á stórauðna löggæslu á vegum úti. Lögreglumenn á Vesturlandi eru orðnir svo fáir á vakt á hverjum tíma að ástæða er til að hafa áhyggjur af öryggi þeirra við skyldustörf og hvort þeir hafi tök á að sinna öllum verkefnum. Afar brýnt er að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til þess að hægt sé að fjölga lögregluþjónum og halda úti ásættanlegum fjölda lögreglumanna á vakt á hverjum tíma.

Haustþing SSV skorar á Alþingi að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að hægt sé að tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi er með starfsstöðvar í Stykkishólmi, Borgarnesi, Akranesi, útibú í Búðardal og þjónustusamning við Snæfellsbæ. Snemma árs var þremur starfsmönnum Sýslumannsins á Vesturlandi sagt upp störfum og þremur til viðbótar boðið lægra starfshlutfall. Breytingar á starfsmannahaldi ná til allra skrifstofa og útibúa sýslumannsins á Vesturlandi.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir auknum fjárheimildum og eflingu sýslumannsins á Vesturlandi. Bent er á að byggðasjónarmið kalla eftir því að opinber störf verði flutt frá höfuðborginni út á landsbyggðirnar til þess að treysta búsetu með því að skapa störf og tryggja góða þjónustu.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Haustþing SSV hvetur Alþingi til að vinna áfram að því að hækka niðurgreiðslu raforkuverðs til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut til þess að bæta lífskjör íbúa á köldum svæðum.

Sóknaráætlun Vesturlands

Sóknaráætlun Vesturlands hefur verið öflugt tæki til þess að styrkja Vesturland og auka samkeppnishæfni landshlutans. Unnið hefur verið að ýmsum áhersluverkefnum í takt við markmið áætlunarinnar. Uppbyggingasjóður Vesturlands hefur stutt við á þriðja hundrað menningar- og nýsköpunarverkefni.

Haustþing SSV skorar á Alþingi að hækka fjárveitingar til sóknaráætlana landshluta til að þjóna því hlutverki sem þeim er ætlað, við að styrkja menningarlíf, menningartengda atvinnustarfsemi og nýsköpun í atvinnulífi á Vesturlandi.

Stjórnsýsla ríkisins

Haustþing SSV vill benda á að með aukinni ljósleiðaravæðingu um allt land skapast tækifæri til að efla og byggja upp bæði upplýsingagjöf, þjónustu og ýmsa opinbera starfsemi á landsbyggðunum.

Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að byggja upp starfsstöðvar, efla og auka fjarvinnu á vegum ríkisins á Vesturlandi í takt við markmið stjórnvalda í byggðamálum.

Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að stjórnsýsla ríkisins virki og þær ákvarðanir sem þar eru teknar varðandi opinbera þjónustu komist í framkvæmd og þeim sé fylgt eftir.

Haustþing SSV ítrekar mikilvægi þess að raunhæf kostnaðargreining verði gerð á allri samfélagsþjónustu sem sveitarfélögin eigi að veita fyrir hönd ríkisins. Þannig að allar fjárveitingar til þeirra verkefna taki ávallt mið af uppfærðu kostnaðarmati, sem byggir á þeim kröfum sem settar eru fram í lögum og reglugerðum varðandi þá þjónustu sem á að veita.